# FRÉTTABLAÐIÐ

210. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. SEPTEMBER 2016




Ísland hóf undankeppni HM 2018 í Rússlandi með því að ná í stig á erfiðum útivelli í Úkraínu. Hér er Birkir Bjarnason í baráttunni í Kænugarði. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ellefu börn hlutu dóm fyrir brot í fyrra

**SAMFÉLAG** Ellefu börn fengu skilorðsbundinn dóm vegna brota sinna á síðasta ári. Umboðsmaður barna segir nauðsynlegt að efla sáttamiðlun sem úrræði fyrir börn og ungmenni sem brjóta af sér.

Lögreglan kemur að tuttugu til fjörutíu sáttamiðlunum vegna brota ungmenna á hverju ári og bæði kærum og dómum hefur fækkað síðustu ár.

Sáttameðferð hefur ekki verið innleidd í réttarvörslukerfið. Halldór Hauksson hjá Barnaverndarstofu segir það takmarka möguleika hennar.

„Sáttameðferð getur leitt til betri árangurs en ákæra því sektir eða aðrar refsingar reynast í mörgum tilvikum algjörlega merkingarlausar í hugum ungmenna sem eiga í vanda,“ segir Halldór. **– kbg** / sjá síðu 8

# Stefnir hinu opinbera og vill banna spilakassa

**Guðlaugur Jakob Karlsson krefst þess að spilakassar sem reknir hafa verið á Íslandi um árabil verði bannaðir. Guðlaugur vill fá 77 milljónir í bætur auk 24 milljóna, sem hann segist geta sannað að hann hafi notað í spilakassa.**

**DÓMSMÁL** Lögmaður Guðlaugs Jakobs Karlssonar hefur lagt fram stefnu þar sem farið er fram á tæplega 77 milljóna króna skaðabætur auk 24 milljóna sem Guðlaugur hefur kvittanir fyrir að séu upphæðir sem hann hefur spilað fyrir í spilakössum.

Stefnan er á hendur öllum þeim sem reka spilakassa í skjóli hins opinbera: Íslenska ríkinu, Íslandsspilum, SÁÁ, Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Háskóla Íslands og Happdrætti Háskóla Íslands.

> **Þeir eru með leyfi til reksturs happdrættisvéla sem eru ekki til, hvergi í heiminum. Þetta er ekkert annað en fjárhættuspil.**
>
> Guðlaugur Jakob Karlsson, stefnandi í málinu

„Þeir eru með leyfi til reksturs happdrættisvéla sem eru ekki til, hvergi í heiminum. Þetta er ekkert annað en fjárhættuspil,“ segir Guðlaugur.

Hinir stefndu fara fram á frávísun en málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. september. Stefnendur byggja mál sitt á því að rekstur spilakassanna standist ekki lög. **– jbg** / sjá síðu 6 og á Vísi

## Fréttablaðið í dag

HALLDÓR




**SKOÐUN** Höskuldur Þórhallsson skrifar um Sigmund Davíð og flugvallarmálið 13

**MENNING** Leikdómur um söngleikinn Djöflaeyjuna í Þjóðleikhúsinu. 22

**LÍFIÐ** Fjallað um freestyle-danskeppnir í nýrri sjónvarpsþáttaröð. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● BÍLAR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


0 KR. NOVA Í NOVA 10 GB 1.990 KR.

0 KR. NOVA Í ALLA 10 GB 2.990 KR.

TILBOÐ Í FRELSI

MÁNAÐARLEG ÁFYLLING MEÐ DEBET- EÐA KREDITKORTI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

## Veður




Norðanátt á morgun, víða 8-13 m/s. Dálítil rigning fyrir norðan og austan, en léttir til sunnanlands. Hægari norðlæg átt síðdegis og úrkomulítið. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast syðst. SJÁ SÍÐU 20

# Frumvarpið brjóti gegn friðhelgi einkalífs

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Kauphallar Íslands eru uggandi yfir heimildum Seðlabanka Íslands til upplýsingaöflunar um gjaldeyrisviðskipti í nýju frumvarpi fjármálaráðherra um gjaldeyrismál. Segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, heimild bankans ganga of langt.

„Að okkar mati gengur eftirlitsheimild Seðlabankans allt of langt. Í frumvarpinu er aðilum gert skylt að upplýsa, og það að viðlögðum dagsektum, um öll gjaldeyrisviðskipti milli landa. Hér er sum sé skylda að segja frá öllum fjármagnshreyfingum,“ segir Páll.

**Að okkar mati gengur eftirlitsheimild Seðlabankans allt of langt. Í frumvarpinu er aðilum gert skylt að upplýsa, og það að viðlögðum dagsektum, um öll gjaldeyrisviðskipti milli landa.**



Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

„Þess konar eftirlit er ekki í anda annars konar eftirlits hér á landi og hefðum við talið eðlilegra að viðhafa sams konar eftirlit með þessu eins og öðru, að yfirvaldi sé heimilt að rannsaka og kalla eftir upplýsingum þegar grunur er um refsivert athæfi.“

Persónuvernd hefur einnig sent inn umsögn um frumvarpið sem er um sama efni. Telur stofnunin að varlega þurfi að fara til að gæta friðhelgi einkalífs einstaklinga. – **sa**

## Íbúar harmi slegnir



**Íbúar á Siglufirði eru harmi slegnir vegna andláts sjö ára gamallar telpu frá Siglufirði sem lést í bílslysi þegar árekstur varð við vegamót Ólafsfjarðarvegar og Skíðadalsvegar um klukkan hálf fjögur í fyrradag. Íbúarnir kveiktu á kerti til minningar um hana í gærkvöldi.** MYND/KRISTÍN

## Lögregla lokar verslunum

**ÍRAN** Lögreglumenn í Íran hafa á undanförnum dögum lokað meira en átta hundruð verslunum. Eigendur verslananna höfðu gerst sekir um að selja óhefðbundinn og óvíðeigandi klæðnað. Hinn ólöglegi varningur þótti í flestum tilfellum of vestrænn að mati yfirvalda.

Aðgerðirnar hafa staðið yfir undanfarna tíu daga. Áður en til þeirra var gripið höfðu yfirvöld sent viðvaranir í meira en 3.600 verslanir sem lágu undir grun um að hafa brotið gegn lögum landsins. Samhliða aðgerðum lögreglu hafa ríkismiðlarnir flutt fréttir af skaðsemi þess að kaupa notuð föt og föt með enskum áletrunum.

Frá byltingunni í landinu árið 1979, þegar Mohammad Reza Pahlavi var steypt af stóli, hefur íslömsk klerkastjórn ríkt í Íran. Síðan þá hafa vestræn gildi og menning verið forboðin með öllu í landinu. – **jóe**




# Íslenskir skipstjórar sækja til Síerra Leóne

**Aurora velgerðarsjóður rekur fjórar löndunarstöðvar í Síerra Leóne í samstarfi við heimamenn. Markmiðið er að efla sjávarútveg landsins í einu af fátækustu ríkjum Afríku. Íslenskir skipstjórar geta leikið lykilhlutverk í þeirri vinnu.**

**SAMFÉLAG** „Það streyma inn fyrirspurnir og CV og allt. Það eru greinilega margir í ævintýrahug,“ segir Regína Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Aurora velgerðarsjóðs,

Sjóðurinn auglýsti um síðustu helgi eftir reyndum skipstjórum til starfa á vegum hans í Síerra Leóne í Afríku. Þar rekur sjóðurinn fjórar löndunarstöðvar í samstarfi við heimamenn í fjórum 500 manna þorpum. Tilgangurinn er að efla sjávarútveg landsins. Verkefnið er liður í umfangsmiklili þróunarsamvinnu sem Aurora hefur unnið að í landinu frá stofnun árið 2007.

Meðal þeirra verkefna sem íslensku skipstjórarnir munu sinna er þjálfun heimamanna í rekstri fiskibáta og veiðum, en einnig að kortleggja fiskimið landsins. Vegna þessa hefur sjóðurinn keypt tvo íslenska strandveiðibáta frá Akureyri sem verða fluttir út og aðlagaðir aðstæðum í Síerra Leóne og þannig nýttir til veiðanna. Skipstjórarnir munu stýra bátunum til að byrja með, en vonir standa til að heimamenn geti tekið við stjórn þeirra í fyllingu tímans.

Síerra Leóne er eitt af fátækustu ríkjum Afríku og stendur mikil uppbygging þar fyrir dyrum. Möguleikar heimamanna til að nýta fiskimið sín hafa verið takmarkaðir að sögn Regínu. Þeir rói á einföldum opnum bátum sem komast lengst sex mílur frá landi. Hún segir að aflinn sé að jafnaði mjög lítill og þá stöðvist veiðar ef veður er vont.

Á meðan stunda togarar víðs vegar að úr heiminum veiðar lengra úti í landhelginni sem er illa gætt af yfirvöldum. Þessum afla er landað í öðrum ríkjum.



**Sjómenn í Síerra Leóne gera veiðarfærin klár. Í fjarska sést í erlendan togara á veiðum.**

**Mikil uppbygging er í gangi núna og byggingarkranar út um allt.**



Regína Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Aurora

Markmið Auroru sé því gera heimamönnum kleift að komast lengra út á miðin með bestu tækjum til að nýta auðlindina betur. Ekki síðra markmið er að auka vinnslu í landi og bæta þannig framboð á fiski fyrir heimamarkað og í framtíðinni til útflutnings. Aukið framboð á fiski tryggir jafnframt betra aðgengi að próteinríkri fæðu.

Regína segir að jákvæður tónn sé í íbúum Síerra Leóne þessi misserin og eru þeir áhugasamir um verkefnið. „Mikil uppbygging er í gangi núna og byggingarkranar út um allt. Mikið af ungu fólki er að flytja aftur heim til sín, fólk sem kannski flutti burtu þegar stríðið stóð sem hæst,“ segir Regína og bætir við að margir sem flutt hafi heim hafi aflað sér menntunar í skólum í Evrópu og Bandaríkjunum. „Þetta er fólk sem vill gera eitthvað gott fyrir landið sitt.“

Regína mun flytja til Síerra Leóne ásamt fjölskyldu sinni til að fylgja verkefninu eftir. **hlh@frettabladid.is**

# HINAR SÖNNU ÚTIVISTARHETJUR! SKÓLABÖRNIN OKKAR

## FULL BÚÐ AF SKÓLAFATNAÐI FRÁ

DIDRIKSONS, VIKING, NIKE, UNDER ARMOUR, ADIDAS, MUCK OG DEVOLD



**MIGISI KULDAGALLI**
STÆRÐIR 80 – 140
**VERÐ 18.990 KR**
LITIR D. BLÁR, GRÆNN, GULUR, RAUÐUR OG FJÓLUBLÁR



DIDRIKSONS AMITOLA SNJÓBUXUR
STÆRÐIR: 80 – 140
10.990.KR



DIDRIKSONS ROVDA
STÆRÐIR: 80 – 140
12.990.KR

FRÁBÆRU ULLAR
UNDIRFÖTIN
FRÁ DEVOLD

HENTA VIÐ
ÖLL TÆKIFÆRI



DIDRIKSONS WATERMAN
STÆRÐIR: 80 – 140
8.990.KR



DIDRIKSONS NAKOSI ÚLPA
STÆRÐIR: 80 – 140
13.990.KR



DIDRIKSONS HAMRES
STÆRÐIR: 80 – 140
10.990.KR



MUCK BOOT HALE
8.990.KR

ELLINGSEN
SÍÐAN 1916

TRYGGVABRAUT 1–3
AKUREYRI
580–8550

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580–8500

ELLINGSEN.IS

# Ekki farið í verkfall nema að allt annað hafi verið reynt

**KJARAMÁL** „Staðan er orðin mjög þröng. Það gefur augaleið að það er búið að ræða efnið mjög mikið og mjög lengi og taka tvær atrennur að því að ná þessu saman. Það verður mjög þungt að halda áfram en það er ekkert annað í boði,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Félagsmenn felldu kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga í atkvæðagreiðslu sem stóð dagana 31. ágúst til 5. september. Ólafur hefur áhyggjur af dræmri þátttöku í atkvæðagreiðslunni.

**58%** prósent félagsmanna í Félagi grunnskólakennara höfnuðu samningnum.

> Það er þó ljóst að ef ekki nást samningar um það sem er ásættanlegt þá er næsta skref að fara að hugsa um verkfall.



Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara

Á kjörskrá voru 4.513 félagsmenn. 57,5 prósent félagsmanna sögðu nei, eða 1.740 félagsmenn. Já sögðu 39,7 prósent eða 1.201 félagsmaður. Auðir seðlar voru 87 en 3.028 greiddu atkvæði í kosningunni eða um 67 prósent félagsmanna í félaginu.

Ólafur segir að búið sé að boða til fundar hjá samninganefnd á miðvikudaginn þar sem farið verði yfir stöðu mála.

Aðspurður hvort verkfall sé fram undan segir Ólafur að ekki sé tímabært að ræða það, en það sé þó félagsmanna að ákveða.

„Þú ferð ekki í verkfall nema þú hafir reynt allt annað. Við erum ekki komin enn á þann stað. Það er þó ljóst að ef ekki nást samningar um það sem er ásættanlegt þá er næsta skref að fara að hugsa um verkfall. Það er félagsmanna að taka ákvörðun um það, sé það vilji þeirra.“ **– tpt**

## Moody's hækkar OR og Landsvirkjun

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody's hefur hækkað lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar.

Orkuveitan hækkar í flokk Ba2 með stöðugum horfum en var áður í flokki Ba3. Landsvirkjun hækkar úr Baa3 í Baa1 án ríkisábyrgðar eða í fjárfestingarflokk. Báðar hækkanirnar koma í kjölfar þess að lánshæfismat ríkissjóðs var hækkað um mánaðamótin.

Í rökstuðningi Moody's með ákvörðun um OR kemur fram að fimm ára fjárhagsáætlun fyrirtækisins, sem samþykkt var í mars árið 2011, hafi gengið upp á nær öllum sviðum. Bætt mat endurspegli traustari lausafjárstöðu þess.

Breytingin á lánshæfismati Landsvirkjunar er í beinu sambandi við hækkun lánshæfismats íslenska ríkisins enda er fyrirtækið að fullu í eigu ríkisins. **– jóe**

## Ný stefna um útlendinga

**STJÓRNMÁL** Píratar hafa samþykkt almenna stefnu um útlendinga. Kosningu um stefnuna lauk á laugardag. 54 greiddu atkvæði með tillögunni en 22 studdu hana ekki.

Meðal þess sem felst í ályktuninni er að samræma skuli íslenska innflytjendastefnu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt gagnvart öllum erlendum ríkisborgurum. Þá skuli leitað eftir þátttöku og aðild innflytjenda, flóttamanna, hælisleitenda og ríkisfangslausra við ákvarðanatöku, einkum í málefnum sem þá varða. Stefnt skal að því að ferðafrelsi verði aukið eftir fremsta megni.

Í greinargerð segir að stefnan setji ramma fyrir aðrar, sérhæfðari stefnur Pírata um útlendinga. Að auki skýri hún stefnu flokksins gagnvart alþjóðlegum landamærum en í stefnunni felst að þau hindri oft sjálfræði fólks. **– jóe**

# Hverfisgata eins og í grínmynd

**Eigandi verslunarinnar Sjáðu segir aðgengi að versluninni vera afar lélegt með breytingum á Hverfisgötu. Bílastæðum hafi fækkað um meira en 50 og framkvæmdirnar hafi staðið í fjögur ár með lokunum gatna.**

**VERSLUN** „Við erum ekkert að tala um að breyta allri götunni heldur bara að komið verði til móts við fólkið þannig að allir verði velkomnir hingað,“ segir Anna Þóra Björnsdóttir, eigandi gleraugnaverslunarinnar Sjáðu á Hverfisgötu.

Anna hefur ásamt eiginmanni sínum rekið verslunina á Hverfisgötu í fjögur ár. Allan þann tíma segir Anna að staðið hafi yfir breytingar á götunni.

„Við erum alls ekki óánægð með að það hafi verið farið í framkvæmdir á götunni. En það er búið að vera rosalega slæmt aðgengi að versluninni í fjögur ár,“ segir Anna sem kveður ekki bæta úr skák að upplýsingar um þau verkefni sem ráðist er í séu aldrei veittar fyrirfram og götulokanir séu tíðar.

„Maður heyrir bara hingað og þangað hvernig þetta á að vera. Svo benda allir hver á annan,“ segir Anna. Stór hópur af viðskiptavinum hennar sé eldri Reykvíkingar sem vilji versla í miðbænum en komist ekki. Strætó stansi ekki nema á Hlemmi, Lækjartorgi og við Hörpu og við breytinguna hafi bílastæðum við götuna fækkað um meira en fimmtíu.

„Þeir sem koma á bílum eiga að leggja í bílastæðahúsunum en það var allt sundurgrafið við bílastæðahúsið gegnt Þjóðleikhúsinu þannig að gamalt fólk með göngugrindur eða fólk með mæður sínar í hjólastól gat ekki farið þaðan,“ segir Anna. Enginn treysti sér heldur til að leggja í bílastæðahúsinu á Vitatorgi.

„Allir útigangsmennirnir eru þar og þar er búið að pissa og kúka allt út. Þegar ég segi áttatíu ára gömlum, sætum konum að leggja þar koma þær í áfalli til mín. Það vill enginn fá einhvern blindfullan Rússa öskrandi á sig,“ segir gleraugnasalinn.

Þá nefnir Anna mikil vandkvæði við vörumóttöku því hvergi sé hægt að stoppa. Hún bendir á að við hlið hennar verslunar hafi verið og sé vinsæll indverskur veitingastaður til 23 ára. Þar sé mikið selt út af veislumat.



Öngþveiti varð í miðbænum 27. júlí í sumar þegar verktakar lokuðu Hverfisgötu beggja vegna Vatnsstígs. MYND/ANNA ÞÓRA BJÖRNSDÓTTIR

> Þegar ég segi áttatíu ára gömlum, sætum konum að leggja þar koma þær í áfalli til mín. Það vill enginn fá einhvern blindfullan Rússa öskrandi á sig.



Anna Þóra Björnsdóttir, eigandi gleraugnaverslunarinnar Sjáðu

„Starfsfólkið er að hlaupa hér um í hálku niður á Skúlagötu með hrísgrjón í pottum til að koma í bíl. Svo þegar það er komið hótel í hvert einasta hús og fimmtíu kínverskar fjölskyldur á bílaleigubílum eru líka í þessu stappi þá er þetta auðvitað eins og mjög góð grínmynd,“ segir Anna sem kveðst litlar undirtektir hafa fengið hjá borginni.

„Ég er búin að tala við alla og manni er bara ekki svarað. Við fengum þó leiðindabréf þar sem sagt er að búið sé að gera þessa götu fyrir milljarð og að við séum að fara fram á að hún verði endurhönnuð. Það er ekki rétt. Ef maður er að byggja sér einbýlishús og ræður inn í það og finnur svo að það er ekki alveg að ganga þá bara breytir maður,“ segir Anna.

Svigrúm til breytinga sér Anna í að gangstétt er báðum megin við hjólastíg við götuna. „Það er aldrei neinn sem labbar á gangstéttinni sem er nær götunni. Það má alveg setja stæði þar sem er merkt fyrir hjólastóla og vöruafgreiðslu. Ég er með fólk sem kemur með Ferðaþjónustu fatlaðra og hvar á það að stoppa? Þetta er vandamál sem þarf að leysa án þess að vera alltaf með einhvern skæting.“ **gar@frettabladid.is**


# NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!




Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ





**Við kynnum nýjan Volkswagen Tiguan.** Skarpari hönnun, ríkulegra innanrými og ótal tækninýjungar sameinast í þessum frábæra bíl sem hægt er að fá með allt að 240 hestafla vél. **Komdu og prófaðu nýjan Tiguan.** Við tökum vel á móti þér.

**VW Tiguan, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur, verð frá:**

**5.890.000 kr.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Svo gæti farið að flotinn verði í höfnum landsins á næstunni vegna verkfalls sjómanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Úrslitafundur í dag

**KJARAMÁL** Talsmenn Sjómannasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hittast á fundi hjá ríkissáttasemjara í dag. Lítið hefur gengið í viðræðum milli aðila eftir að sjómenn höfnuðu samningsdrögum í allsherjarkosningu í sumar.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, segir mikið bera í milli deiluaðilanna.

„Já, það eru ýmsar kröfur sem við höfum gert grein fyrir sem falla ekki að hugmyndum gagnaðila okkar svo það er hægt að segja að nokkuð beri í milli,“ segir hann.

Þrenn samtök taka þátt í samningaviðræðunum af hálfu launþega en það eru Sjómannasambandið, Félag vélstjóra og málmtæknimanna og Verkalýðsfélag Vestfjarða fyrir hönd sjómanna á því svæði.

Valmundur segir fundinn í dag vera síðasta fund áður en boðað verði til verkfalls sjómanna.

„Við lítum svo á að þetta verði síðasti fundurinn okkar áður en við skoðum til hvaða aðgerða við getum tekið, hverjar svo sem þær verða,“ segir Valmundur. **– sa**


TÆKIFÆRI Í TAÍLANDSVIÐSKIPTUM

Málþing og stofnfundur Íslensk-taílenska viðskiptaráðsins

**Félag atvinnurekenda og sendiráðs Taílands í Kaupmannahöfn efna til málþings um tækifæri í viðskiptum Íslands og Taílands í dag, þriðjudaginn 6. september, kl. 14. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

Fulltrúar frá Taílandi og Íslendingar sem vel þekkja viðskipti milli landanna flytja stutt erindi. Haldinn verður stuttur stofnfundur Íslensk-taílenska viðskiptaráðsins og boðnar taílenskar veitingar. Áætlað er að dagskrá ljúki um kl. 17.

**Nánari upplýsingar og dagskrá á www.atvinnurekendur.is.**

PIPAR\TBWA

หอการค้าไทย-ไอซ์แลนด์ ÍSLENSK-TAÍLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ The Icelandic Thai Trade Council

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Royal Thai Embassy Copenhagen



Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en síar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni.

Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið, prófið og sannfærist!




www.bestsound-technology.is

Siemens heyrnartækin

Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is


## Freddies minnst á sjötugsafmælinu



Breski söngvarinn Jack Woodhead steig á svið þegar æfing fór fram fyrir minningartónleika um Freddie Mercury. Freddie hefði orðið sjötugur í gær, 5. september. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir þá verst settu fara í spilakassana

**Hið opinbera skilgreinir spilakassa sem happdrættisvélar en ekki fjárhættuspil. Guðlaugur Jakob Karlsson segir að í öðrum löndum séu þeir álitnir eitthvert skæðasta form fjárhættuspila sem fyrirfinnst. Segir hagnað af kössunum vaxa.**

**DÓMSMÁL** Lög um rekstur spilakassa á Íslandi fóru í gegnum Alþingi árið 1993. Leyfi var veitt fyrir rekstri spilakassa á þeim forsendum að um væri að ræða happdrættisvélar en ekki fjárhættuspil.

Guðlaugur Jakob Karlsson, sem stefnt hefur rekstraraðilum spilakassa, segir þessa skilgreiningu algjörlega galna. Spilakassar, eða „slot machines“, eru alls staðar nema á Íslandi taldir eitthvert skæðasta form fjárhættuspila og að sögn Guðlaugs leita þeir spilafíklar sem lengst eru leiddir í þá. Hann segir að leyfisveitingin hafi verið á fölskum forsendum, sagt var að um væri að ræða happadrættisvélar sem ekki leiddu til spilafíknar. Þetta sé alrangt. Spilakassar séu þvert á móti það form fjárhættuspils sem sé eitt það mest ánetjandi sem um ræðir. „Þeir sem stunda kassana eru þeir sem lengst eru leiddir.“




Guðlaugur segir spilakassa eitt versta form fjárhættuspila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðlaugur segir það viðurkennt af geðlæknum að spilafíklar leiti sér síður meðferðar en aðrir fíklar. Þeir fyrirfari sér heldur og sjálfsvíg séu mjög algeng meðal spilafíkla.

„Það er miklu meiri skömm að stíga fram sem spilafíkill heldur en að stíga fram sem kókaínfíkill eða alkóhólisti. Og það að hið opinbera skuli nota þetta til fjáröflunar er algerlega út úr korti, stenst ekki nokkra skoðun.“

Í ítarlegri stefnu Guðlaugs gegn rekstraraðilunum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur meðal annars fram að hagnaður Íslandsspila sf. og Háskóla Íslands hafi farið vaxandi ár frá ári og hafi árið 2014 verið samanlagður 9.001.000.000 króna.

Guðlaugur telur víst að 95 prósent þeirra sem spila í kössunum séu langt leiddir spilafíklar. Aðrir fari helst ekki í kassana. Hann áætlar að þeir séu um átta þúsund. „Þetta veit ég eftir fjörutíu ára reynslu af spilamennsku. Spilað er fyrir rúma milljón á klukkutíma, velta er 25 milljónir á dag. Það sem kemur í kassana. Þetta er tap spilafíklanna. Þetta er þungur baggi fyrir ekki fleiri að bera. Þetta er allt okkar veikasta fólk. Rónarnir niðri í bæ, ég þekki þá persónulega, sem hafa komið fram í viðtölum um áfengisvanda sinn … þeirra vandi er fyrst og fremst spilamennskan. Ekki vímuefnaneyslan. Þeir deyfa sársaukann með áfengi.“

**jakobbjarnar@365.is**

**SYNC** *samskiptakerfi með*
***Bluetooth*** *og* ***neyðarhringingu***
*er nú staðalbúnaður*




# NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi aksturs-ánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Börn fái að bæta fyrir brot sem þau fremja




Refsingar geta verið merkingarlausar fyrir börn í vanda. Margrét María vill að börn sem eru gripin fyrir þjófnað til að mynda fái að bæta fyrir brot sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ellefu börn fengu skilorðsbundinn dóm vegna brota á síðasta ári. Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir nauðsynlegt að efla sáttamiðlun sem úrræði fyrir börn og ungmenni.**

**SAMFÉLAG** Lögreglan kemur að tuttugu til fjörutíu sáttamiðlunum vegna brota ungmenna á hverju ári.

„Það er nauðsynlegt að efla sáttamiðlun sem úrræði fyrir börn sem brjóta af sér,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.

Sáttamiðlun byggir á hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi en tilgangur hennar er að ná sáttum milli þess sem brýtur af sér og brotaþola og hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif á báða aðila.

Tæplega 500 börn átján ára og yngri voru kærð fyrir brot á hegningarlögum á síðasta ári. 307 strákar og 187 stelpur. Langflest ungmennin eru gripin fyrir þjófnað, þá innbrot og ofbeldi og kynferðisbrot. Frá þessu var greint í Fréttablaðinu í gær. Af þessum börnum eru 169 fjórtán ára og yngri og því ósakhæf. Ellefu börn fengu skilorðsbundinn dóm á síðasta ári.

Margrét segir það mikilvægt að ungmennum sé gerð grein fyrir afleiðingum brota sinna og þau fái tækifæri til að bæta fyrir brot sín. „Segjum að barn sé gripið fyrir þjófnað, þá ætti að gefa því tækifæri til að skila varningnum, hitta þolandann og jafnvel gera fyrir hann einhver viðvik til þess að bæta fyrir brotið,“ segir Margrét.

> **Sáttameðferð getur leitt til betri árangurs en ákæra, því sektir eða aðrar refsingar reynast í mörgum tilvikum algjörlega merkingarlausar.**
>
> Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndastofu



> **Segjum að barn sé gripið fyrir þjófnað, þá ætti að gefa því tækifæri til að skila varningnum.**
>
> Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna



Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndarstofu, minnir á að börn sem glíma við hegðunar- og afbrotavanda eigi oft langa sögu um erfiðleika. Það sé mikilvægt að bregðast strax við vandanum áður en hann verður of alvarlegur, oft þurfi að fylgja aðstoðinni eftir til lengri tíma. Sáttameðferð sé gagnleg og við meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu hafi verið notaðar aðferðir sáttameðferðar að svo miklu leyti sem það hefur verið unnt. „Í mörgum slíkum málum hefur náðst góður árangur, ekki síst við smærri mál þar sem ekki hefur komið til ákæru og í málum ósakhæfra barna. En þar sem sáttameðferð hefur ekki verið innleidd í réttarvörslukerfinu þá takmarkar það auðvitað mjög helstu möguleika sáttameðferðar.

Sáttameðferð getur leitt til betri árangurs en ákæra, því sektir eða aðrar refsingar reynast í mörgum tilvikum algjörlega merkingarlausar í hugum ungmenna sem eiga í vanda eða í versta falli auka á andstöðu þeirra gagnvart fullorðnum og yfirvaldi,“ segir Halldór.

Hann bendir á að sáttameðferð geti líka verið mikilvægur hluti af annarri meðferð unglinga í vanda. „Og aukið líkur á því að unglingur gangist við brotinu, læri að taka ábyrgð á gjörðum sínum og bæta fyrir þær með einhverjum hætti og í góðri samvinnu gagnvart þeim sem varð fyrir tjóninu,“ segir hann.

Nú er í undirbúningi ný meðferðarstofnun á höfuðborgarsvæðinu þar sem einnig verður hægt að afplána fangelsisdóma í meðferð eins og hægt hefur verið um árabil á öðrum meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. „Aðaláherslan í meðferðinni þarf að vera á þá áhættuþætti í lífi einstaklingsins sem leiddu til þeirrar hegðunar sem olli þeim sjálfum eða öðrum skaða og reyndist eftir atvikum saknæm,“ segir Halldór. **kristjanabjorg@frettabladid.is**

## Framlag til að kynna Borg

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þorbjörn Hlynur Árnason, sóknarprestur á Borg á Mýrum, á að fá endurskoðun á ellefu ára gömlum samningi sínum við Borgarbyggð um fjárframlag gegn því að kynna staðinn fyrir gestum.

Þorbjörn samdi við Borgarbyggð síðla árs 2005 um að hann fengi 200 þúsund krónur árlega til að sjá um móttöku ferðamanna sem koma að Borg á Mýrum, sýna þeim staðinn og kynna sögu hans. Samningurinn var vísitölutryggður og er framlagið samkvæmt því í dag tæpar 360 þúsund krónur.

> **200**
>
> **þúsund krónur átti Þorbjörn að fá frá Borgarbyggð á hverju ári til þess að sjá um móttöku ferðamanna á Borg.**

„Byggðarráð lýsir yfir ánægju sinni með mikinn áhuga ferðafólks fyrir kirkjustaðnum á Borg á Mýrum og hvernig staðið er að kynningu á staðnum,“ segir byggðarráð og vísar endurskoðun samningsins til vinnuhóps um mótum stefnu í ferðaþjónustu. **– gar**

## Með merkari fornleifafundum síðustu ára

**SAGA** „Þetta fer á topp tíu.“ Þetta segir dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, um sverðið sem gæsaveiðimenn fundu í Skaftárhreppi á Suðurlandi um helgina. Kristín telur fundinn með merkari fornleifafundum síðustu ára. „Það eru svo fá sverð sem hafa fundist hér og því er þetta mikill fengur fyrir sögu þjóðarinnar,“ bætir hún við en samkvæmt fyrstu greiningu er sverðið frá 10. öld.

„Við ætluðum bara á veiðar, enduðum í fornleifauppgreftri,“ sagði Árni Björn Valdimarsson í samtali við Vísi í gærmorgun, en hann og félagar hans fundu sverðið í veiðiferð á sunnudaginn. Í kjölfarið birtu þeir mynd af sverðinu á Facebook-síðu sinni. „Það fór allt á flug og þetta endar með að Minjastofnun hefur samband við okkur.“ Þeir afhentu Minjastofnun sverðið í gærmorgun.

Kristín segir að hingað til hafi rúmlega 20 sverð og sverðbútar fundist á Íslandi. „Hérna hafa fundist margar tegundir af sverðum, en þetta sverð tilheyrir næstelstu tegundinni, af svokallaðri Q-gerð, sem smíðuð var á 10. öld. Við sjáum þetta af hjöltunum út frá ákveðinni aðferðafræði, meðal annars af lögun þeirra og skrauti og hnöppum á þeim,“ segir Kristín. Hún telur ljóst að sverðið sé þess háttar sverð að það hafi vel verið hægt að nota í bardaga.

Kristín segir að sverðið hafi verið í kumli sem lenti undir hrauni í Skaftáreldum 1783. Það hafi líklega oltið út úr því í kjölfar Skaftárhlaupsins í fyrra og vitað var að raskaði svæðum þar sem talið er líklegt að fornminjar hafi verið. „Sverðið er hins vegar vel á sig komið. Það er lítið brotið, en það er bara oddurinn sem er brotinn af,“ segir Kristín „Þetta er því mjög verðmætt sverð.“



Rúnar Stanley Sighvatsson, einn fundarmanna, og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, skoða sverðið við afhendinguna.

> **Við erum mjög þakklát mönnunum fyrir fundinn.**
>
> Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Samkvæmt fornminjalögum frá 2012 ber almenningi að tilkynna um fundi sem þessa. Það var gert í þessu tilviki. „Við erum mjög þakklát mönnunum fyrir fundinn og að þeir létu vita af þessu. Samkvæmt lögunum má fólk ekki hrófla við neinu nema brýna nauðsyn beri til. Í þessu tilviki skipti máli að þeir tóku sverðið því það hefði hæglega geta borist út í á og glatast.“

Hún segir að starfsmaður Minjastofnunar sé nú að kanna svæðið betur þar sem sverðið fannst. Finnist t.d. beinagrind þarf að kalla mannabeinafræðing á vettvang. Því sé ekki hægt að gefa upp hvar fundarstaðurinn sé.

Minjastofnun hefur nú afhent Þjóðminjasafninu sverðið til varðveislu og greiningar, en samkvæmt fornminjalögum er sverðið nú eign íslensku þjóðarinnar. **– hlh**

### Sverðið sem fannst

ALDUR **10. öld**
STAÐSETNING **Skaftárhreppur**



# BASKIN ROBBINS Í ICELAND




BASKIN ROBBINS

Aðeins

**799**

500 ML.

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Hráolíurisar sammælast um aðgerðir

**Rússland og Sádi-Arabía ætla að vinna að því að koma olíumarkaði á réttan kjöl. Enn er óráðið til hvaða aðgerða verður gripið en til greina kemur að draga mjög úr framleiðslu. Verð á hráolíu tók kipp eftir fund orkumálaráðherra ríkjanna á G20 ráðstefnunni í Kína.**






Rússland og Sádi-Arabía eru tveir stærstu hráolíuframleiðendur heims en hvort ríki um sig dælir um tíu milljónum tunna upp úr jörðinni á degi hverjum. Þriðja stærsta olíuríki heims er Bandaríkin.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**KÍNA** Rússland og Sádi-Arabía, tveir stærstu hráolíuframleiðendur heims, hafa sammælst um að vinna í sameiningu að stöðugum olíumarkaði. Orkumálaráðherrar landanna tilkynntu um samkomulagið í gær að loknum fundi þeirra á G20 ráðstefnunni í Hangzhou í Kína. Hráolíuverð tók kipp upp á við í kjölfar frétta af samningnum.

Í samkomulagi ríkjanna tveggja felst meðal annars að sameiginlegum starfshópi ríkjanna verður komið á fót en helsta verkefni hópsins mun verða að útfæra leiðir til að ná markmiðum samkomulagsins. Að öðru leyti hefur ekki verið tilgreint hvaða aðferðum ríkin tvö hyggjast beita til að ná sameiginlegu markmiði sínu.

„Sem stendur er engin þörf á því að hægja á eða stöðva framleiðslu,“ sagði Khalid Al-Falih, orkumálaráðherra Sádi-Arabíu, við Al Arabiya sjónvarpsstöðina eftir að tilkynnt var um samkomulagið. „Það er meðal vopna í vopnabúrinu en ekki þarf að grípa til þess nú. Markaðurinn jafnar sig dag frá degi.“

Alexander Novak, orkumálaráðherra Rússa, sagði við Bloomberg að fjöldi leiða væri þjóðunum fær. Það myndi skýrast síðar hvaða leið yrði valin. Áætlað er að orkumálaráðherrarnir tveir hittist í þrígang á næstu mánuðum. Fundirnir verða í fyrsta lagi á ráðstefnu International Energy Forum í Alsír síðar í þessum mánuði, samhliða fundi starfshópsins í október og á ráðherrafundi Samtaka olíuframleiðsluríkja, OPEC, í Vín í nóvember.

> **Sem stendur er engin þörf á því að hægja á eða stöðva framleiðslu.**
>
> Khalid Al-Falih, orkumálaráðherra Sádi-Arabíu



Í kjölfar frétta af fundinum hækkaði verð á hráolíu um þrjú prósent og fór um tíma yfir 49 dollara á tunnuna. Olíuverð hefur verið á hægri uppleið það sem af er ári eftir verðhrun síðustu átján mánaða. Lægst var verðið um miðjan janúar en þá fór hráolíutunnan niður fyrir 28 dollara og hafði ekki verið ódýrari frá árinu 2003. Dýfuna í janúar mátti að stórum hluta rekja til þess að olíuforði Írana flæddi inn á markaðinn eftir að viðskiptaþvingunum á landið var aflétt.

Þegar í harðbakkann slær hefur það komið fyrir að OPEC-ríkin hafi samið um að draga úr framleiðslu. Slíkir samningar hafa hins vegar átt til að fara út um þúfur, áður, eða skömmu eftir, að þeir koma til framkvæmda. Aðildarríki OPEC eru alls fjórtán en Rússland er ekki eitt þeirra. Minnst tvö OPEC-ríki, Kúveit og Sameinuðu arabísku furstadæmin, hafa fagnað samkomulaginu þó enn sé ekki ljóst hvaða aðgerðir það hefur í för með sér. Í yfirlýsingum frá orkumálaráðherrum landanna kemur fram að það sé jákvætt að tvö stærstu olíuríki heims ætli sér að vinna í sameiningu að því að koma olíumarkaðnum á réttan kjöl.

johannoli@frettabladid.is


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.990.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

## NORÐURLÖNDIN




## Leigusalar greiða ekki skatt

**1 DANMÖRK** Fjórir af hverjum tíu skattgreiðendum telja ekki fram tekjur af leigu á húsnæði sínu. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var á vegum Deloitte. Rannsóknin leiddi í ljós að 19 prósent viðurkenna að hafa aðeins gefið upp hluta af leigutekjum sínum til skatts en 21 prósent gaf ekkert upp. Starfsmaður Deloitte segir þetta ekki koma á óvart en þetta snúist alls ekki um að fólk þekki ekki reglurnar. Ekki liggur fyrir um hversu háar fjárhæðir er að ræða.



## Dómarar sniðganga lögin

**2 NOREGUR** Nær 20 prósent norskra dómara, eða 139 af 800, hafa sniðgengið lögin með því að tilkynna sig ekki hjá skrá yfir hlutabréfaeign, viðskipti og fyrri störf. Margir þeirra sem hafa látið skrá sig hafa ekki veitt nægjanlegar upplýsingar. Norskir fjölmiðlar benda á að þar með sé ekki hægt að kanna hvort dómararnir hafi haft einhver tengsl við mál sem koma fyrir dómstóla. Dómarar eiga að gera grein fyrir hlutabréfaeign yfir 200 þúsundum norskra króna.

## Neyða flóttabörn í vændi

**3 SVÍÞJÓÐ** Talið er að 15 börn á dvalarstað fyrir hælisleitendur í Malmö hafi selt níðingum blíðu sína. Dagblaðið Sydsvenskan segir starfsfólk hafa reynt að koma í veg þetta en að lögreglan rannsaki ekki málið. Talið er að karlar hafi gefið börnunum síma við komu þeirra til Svíþjóðar og síðan hringt í þau. Þeir hafi svo sótt börnin sem hafi komið aftur nokkrum klukkustundum síðar með einhver verðmæti. Haft er eftir lögreglu sem sér um mansalsmál að vegna fjárskorts sé eingöngu hægt að rannsaka eitt mál í einu.

## Þriggja prósenta fækkun á leikskólum

**MENNTAMÁL** Alls sóttu 19.362 börn leikskóla á Íslandi í desember síðastliðnum og hafði fækkað um 576, eða 2,9 prósent, frá fyrra ári. Hagstofa Íslands segir að sú fækkun stafi af fámennari árgöngum, því hlutfall barna sem sækir leikskóla hefur ekki breyst að ráði. Alls störfuðu 5.966 í leikskólum í desember og hafði fækkað um 53 frá fyrra ári en stöðugildum fækkaði um 31.

Í desember síðastliðnum var 251 leikskóli starfandi og hafði fækkað um fjóra frá árinu áður. Sveitarfélögin ráku 217 leikskóla en 34 leikskólar voru reknir af öðrum aðilum. – jhh



**Guðni Th. Jóhannesson nýtur mikilla vinsælda núna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Mikil ánægja með Guðna

**STJÓRNMÁL** Alls kváðust 68,6 prósent aðspurðra vera ánægð með störf Guðna Th. Jóhannessonar, nýs forseta Íslands. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar MMR. Einungis 6,4 prósent kváðust vera óánægð með störf Guðna. Ánægja með störf forseta hefur ekki mælst jafn mikil frá því MMR hóf slíkar mælingar (í mars 2011).

Skoðanakönnunin var gerð dagana 22. til 29. ágúst. Úrtakið í könnuninni var einstaklingar átján ára og eldri, sem voru valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. 949 svöruðu spurningunni. Spurt var: Hversu ánægður eða óánægður ert þú með störf Guðna Th. Jóhannessonar sem forseta Íslands. – jhh

## Arna fer í ostagerð

**ÍSAFJÖRÐUR** Vivaldi Ísland ehf. hefur keypt mjólkurstöð Mjólkursamsölunnar á Ísafirði undir ostagerð. Greint er frá þessu vef ísfirska fréttamiðilsins Bæjarins besta en þar segir að félagið Vivaldi Ísland sé í eigu Jóns von Tetzchner sem er meðal hluthafa í mjólkurvinnslunni Örnu sem hefur framleitt laktósafríar mjólkurvörur í Bolungarvík.

Mun Vivaldi leigja gömlu mjólkurvinnsluna til Örnu sem ætlar að nota hana undir framleiðslu á sérhæfðari vörum og þá sérstaklega ostum, að því er Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu, segir í samtali við BB. Engar breytingar verða á starfseminni í Bolungarvík. – bo



# Lögfestið þakið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Sjúklingar sem glíma við alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein og þurfa á langvinnri og kostnaðarsamri meðferð að halda hafa ekkert þak á kostnað vegna eigin meðferðar í settum lögum heldur þurfa að reiða sig á reglugerð ráðherra sem breyta má hvenær sem er.

Núverandi ríkisstjórn hefur barið sér á brjóst fyrir breytingar á lögum um sjúkratryggingar sem Alþingi samþykkti í júní og taka gildi 1. janúar næstkomandi. Þessum lögum er ætlað að setja þak á kostnaðarhlutdeild sjúklinga þannig að útgjöld sjúklinga vegna eigin meðferðar geti bara orðið tiltekið hámark á ársgrundvelli. Vandamálið er hins vegar að þakið er hvergi tilgreint í lögunum og kostnaðarhlutdeild sjúklinga verður áfram til staðar en hámark hennar verður ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur. Á þessum vettvangi hefur áður verið vikið að því að ef heilbrigðisráðherra festir þakið í einni krónu gæti næsti ráðherra alltaf hækkað það. Þá á sjúklingurinn enga vörn í settum lögum. Þess vegna eru þessi lög ekki sú stefnubreyting sem heilbrigðisráðherra og aðrir fullyrða að þau séu.

Stjórnarskráin leggur þá athafnaskyldu á ríkisvaldið að tryggja sjúklingum aðstoð vegna sjúkleika. Þessi regla kemur fram í 76. gr. stjórnarskrárinnar og kom inn með stjórnarskrárbreytingunum 1995. Í ákvæðinu segir að öllum sem þess þurfa, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um hvað felist í réttinum til aðstoðar samkvæmt þessu stjórnarskrárákvæði og það beri að túlka rúmt. Í bréfi umboðsmanns til félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra frá 10. júní 2008 benti umboðsmaður á að ekki yrði hjá því litið að með stjórnarskrárákvæðinu væri sú skylda lögð á Alþingi að taka afstöðu til þess hvaða rétt menn skyldu eiga til félagslegrar aðstoðar af hálfu hins opinbera. Löggjafanum bæri því að sjá til þess að fyrir hendi væru skýrar reglur um inntak þeirrar aðstoðar sem einstaklingar ættu rétt á.

Sjónarmið af svipuðum toga koma fram í dómum Hæstaréttar um skerðingu á atvinnufrelsi og eignarréttindum. Mæla þurfi fyrir um takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar sem talin er nauðsynleg í settum lögum en ekki í reglugerðum ráðherra þegar þessi mannréttindi eru annars vegar.

Að þessu sögðu skýtur það skökku við að ráðherra geti einn síns liðs mælt fyrir um takmörk og umfang þeirra réttinda sem sjúklingar njóta þegar kostnaður vegna meðferðar þeirra í heilbrigðiskerfinu er annars vegar. Ráðherra getur án atbeina löggjafans breytt þaki á kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Sjúklingar standa berskjaldaðir gagnvart ákvörðunum ráðherrans og eiga ekki vörn í settum lögum. Þessu þarf að breyta. Það þarf að mæla fyrir um þakið í settum lögum frá Alþingi í samræmi við áskilnað stjórnarskrárinnar um aðstoð vegna sjúkleika og dómaframkvæmd Hæstaréttar þegar túlkun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar er annars vegar.

**Að þessu sögðu skýtur það skökku við að ráðherra geti einn síns liðs mælt fyrir um takmörk og umfang þeirra réttinda sem sjúklingar njóta þegar kostnaður vegna meðferðar þeirra í heilbrigðiskerfinu er annars vegar.**

KRÝSUVÍK

AÐALFUNDUR
KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna,
verður haldinn í Guðríðarkirkju,
mánudaginn 19. september 2016 kl. 17.00.

**Dagskrá :**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Lagabreytingar

*Stjórnin*

Ofan nefnd lagabreyting liggur frammi á skrifstofu félagsins.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Nógu góðir kostir?**
**Tvö prófkjör fóru fram hjá sjálfstæðismönnum um helgina. Annars vegar í Reykjavík, þar sem Ólöf Nordal og Guðlaugur Þór Þórðarson báru sigur úr býtum. Hins vegar í Norðvesturkjördæmi, þar sem Haraldur Benediktsson stóð uppi sem sigurvegari. Það sem vakti þó mesta athygli er að þátttakan var langt undir sögulegu meðaltali. Grétar Þór Eyþórsson stjórnmálafræðingur skýrir það með minni stjórnmálaáhuga fólks í bland við minnkandi traust á stjórnmálamönnum. En svo má líka velta fyrir sér hvort þeir kostir sem stóðu kjósendum til boða hafi verið nógu góðir.**

**Stuðningurinn**
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var til viðtals í þættinum Sprengjusandi á Bylgjunni á sunnudaginn. Þar sagðist Sigmundur ekki hafa fundið fyrir meiri stuðningi en síðastliðin misseri. „Ég fer ekki út í búð núna eða á mannamót nema það komi til mín fólk til að ræða þessi mál og alltaf á jákvæðum nótum,“ sagði ráðherrann fyrrverandi í viðtalinu. Sennilegast er Sigmundur þá ekki að ræða hlutina of mikið við samflokksmenn sína, því þrýstingur eykst af þeirra hálfu á að Sigurður Ingi Jóhannsson gefi kost á sér í stöðu Sigmundar sem formaður flokksins.** jonhakon@frettabladid.is

# Ekki rústa öllu á leiðinni út



Kolbeinn Óttarsson Proppé
fv. blaðamaður

Það eru skrýtnir tímar í stjórnmálum í dag. Ríkisstjórnin er að hrökklast frá völdum eftir að hafa látið undan háværum kröfum almennings og gengið verður til kosninga fyrr en fyrirhugað var. Ráðherrar þráuðust lengi við að upplýsa kjósendur um hvenær þeir fengju að nýta lýðræðislegan rétt sinn til að kjósa, en loksins létu þeir undan þeirri eðlilegu kröfu. Á leiðinni út úr ráðuneytunum virðast ráðherrarnir hins vegar staðráðnir í að koma sem mestu af umdeildum málum í gegn.

Það er til að mynda með ólíkindum að Illugi Gunnarsson, ráðherra mennta- og menningarmála, skuli ætla sér að gera grundvallarbreytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna á þeim örfáu þingdögum sem eftir eru. Breytingar sem Háskóli Íslands segir að geti falið í sér mismunun til náms, geti staðið doktorsnemum fyrir þrifum og jafnvel komið mismunandi niður á kynjunum. Hvort það síðasttalda á við vitum við ekki, þar sem ráðherrann telur enga þörf á að kynjagreina frumvarpið, frekar en nokkuð annað reyndar. Og þá á eftir að svara hvers vegna mismuna á fólki eftir efnahag varðandi endurgreiðslur.

Til stendur að umbreyta námslánafyrirkomulaginu og til þess ætlar ráðherrann þingmönnum örfáa daga. Það er í besta falli óvirðing fyrir Alþingi og þeim vönduðu vinnubrögðum sem þar eiga að ríkja.

Þá ákvað ríkisstjórnin að skella fram eins og einu frumvarpi um verðtrygginguna, svona af því að brátt þyrftu ráðherrar að biðja kjósendur um að kjósa sig aftur og þeir höfðu víst lofað einhverju slíku. Skemmst er frá því að segja að frumvarpið er furðulegur bastarður þar sem öllu ægir saman; sumt er bannað, nema fyrir næstum alla og annað er illa séð, nema fyrir suma. Seðlabankinn er að minnsta kosti hissa á frumvarpinu og segir tilganginn með því óljósan.

Ef húsráðendur vilja mann út úr partýi, er ekki góð hugmynd að sparka allt niður á leiðinni út. Hið eðlilega er að þakka bara pent fyrir sig og fara. Það mætti ríkisstjórnin gera.

**Ef húsráðendur vilja mann út úr partýi, er ekki góð hugmynd að sparka allt niður á leiðinni út.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sigmundur Davíð og flugvallarmálið



**Höskuldur Þórhallsson**
alþingismaður

> **Þótt hann skipti um skoðun þegar hann tók við sem formaður Framsóknarflokksins árið 2009 benda verk hans á kjörtímabilinu ekki til þess að hann hafi lagt nokkurn skapaðan hlut á sig til að koma í veg fyrir að Reykjavíkurflugvöllur færi úr Vatnsmýrinni.**

Í grein sem ber heitið „Selt undan flugvellinum“ og birtist í Morgunblaðinu 1. september sl. fer Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, hörðum orðum um þær fréttir að „ríkið hafi selt Reykjavíkurborg rúmlega 110.000 fermetra land sem nú er undir suðurenda umræddrar neyðarbrautar fyrir 440 milljónir króna“. Ég tek undir harða gagnrýni vegna sölu landsins en geri hins vegar verulegar athugasemdir við þær ávirðingar sem óneitanlega beinast að ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar, rangar söguskýringar og villandi efnistök í greininni.

**Komu hvergi að málinu**

Í fyrsta lagi var ekki um að ræða sölu af hálfu ríkisins, þ.e. ríkisstjórnar Sigurðar Inga Jóhannssonar. Eingöngu var um að ræða ákvörðun núverandi innanríkisráðherra og fjármálaráðherra sem báðir tilheyra Sjálfstæðisflokknum. Hún var framkvæmd með vísan til heimildar í fjárlögum fyrir árið 2013 sem hæstaréttarlögmaðurinn og fyrrverandi dómari í Hæstarétti, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefur gagnrýnt fyrir þær sakir að sé ekki nægjanleg heimild fyrir sölunni heldur þurfi einnig til að koma heimild í almennum lögum. Ég er sammála gagnrýni Jóns Steinars enda hafa núverandi forsætisráðherra og þingmenn Framsóknarflokksins gagnrýnt söluna harðlega. Þeir komu hins vegar hvergi að málinu þegar ákvörðunin var tekin af viðkomandi ráðherrum eins og halda mætti af því sem gefið er í skyn í greininni.

Í öðru lagi kemur það hvergi fram í samningum, dómum eða öðrum gögnum að fyrrverandi forsætisráðherra hafi „beinlínis gert það að skilyrði“ fyrir undirritun samkomulagsins við Reykjavíkurborg um hina svokölluðu Rögnunefnd „… að horfið yrði frá því að semja“ um lokun NA/SV-flugbrautarinnar sem í daglegu tali er kölluð neyðarbrautin. Samkomulag fyrrverandi innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og Dags B. Eggertssonar borgarstjóra, sem lá til grundvallar niðurstöðu Hæstaréttar um lokun brautarinnar, var undirritað á sama stað og á sama tíma og samkomulagið um Rögnunefndina, eins og myndir af atburðinum sýna svart á hvítu. Ef skilyrðið um að ekki yrðið samið um lokun brautarinnar hefði til að mynda komið fram í samningnum um Rögnunefndina, hefðu dómstólar aldrei fallist á samkomulagið um lokun neyðarbrautarinnar. Fullyrðingar fyrrverandi forsætisráðherra um þetta atriði eru því afar ótrúverðugar, ef ekki beinlínis rangar.

**Algjörlega óútskýrt**

Hin bitra staðreynd er sú að samkomulagið um lokun neyðarbrautarinnar er stærsti áfanginn hingað til í því að bola flugvellinum í burtu. Það er blákaldur veruleikinn þótt ég telji að enn sé hægt að grípa til aðgerða til að forðast það tjón sem af því myndi hljótast. Það fer líka þvert gegn því sem fram kemur í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar þar sem segir að flugvöllurinn „sé grundvallarþáttur í samgöngum landsins“. Af hverju fyrrverandi forsætisráðherra lét það viðgangast að samkomulagið um lokun neyðarbrautarinnar væri undirritað, beinlínis fyrir framan augun á honum, er algjörlega óútskýrt. Einnig hvers vegna ríkisstjórnin var ekki kölluð þá þegar saman og þess krafist að samkomulaginu yrði rift. Ef ekki hefði verið orðið við því hefði verið hægt að leggja fram þingmál til að ógilda samkomulagið eins og Hæstiréttur staðfesti í sumar að heimilt hefði verið. Þá hefði fyrrverandi forsætisráðherra verið í lófa lagið að krefjast þess að þingmál um skipulagsvald Reykjavíkurborgar, sem allur þingflokkur Framsóknarflokksins stendur á bak við, færi í atkvæðagreiðslu, því slíkt er á hans valdi. Engar slíkar aðgerðir voru framkvæmdar þótt tækifæri hefði verið til á sínum tíma.

Í þriðja lagi er í greininni vísað til þess að öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafi lýst „yfir vonbrigðum með drög að samgönguáætlun meðal annars með vísan til lokun brautarinnar“. Þessa framsetningu tel ég afar villandi. Í drögum að samgönguáætlun sem vísað er til og lögð voru fram af núverandi innanríkisráðherra í vor sem leið er hvergi minnst einu orði á lokun neyðarbrautarinnar. Gagnrýni FÍA snýst fyrst og fremst um fjárskort til uppbyggingar, endurbóta og viðhalds á flugvöllum víðs vegar um landið. Þeim áhyggjum hefur verið eytt með þeim breytingum sem umhverfis- og samgöngunefnd kynnti í drögum að nefndaráliti með samgönguáætlun síðasta vor og verður að öllum líkindum samþykkt á Alþingi núna á haustþinginu. Þar er verulegu fjármagni bætt við í framkvæmdir við flugvelli og flughlöð um allt land.

**Hörð og óvægin barátta**

Baráttan gegn áframhaldandi veru Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni er hörð og óvægin. Reykjavíkurborg hefur sýnt í verki að hún mun einskis láta ófreistað til að koma flugvellinum fyrir kattarnef. Á næsta kjörtímabili ræðst hvernig sú barátta endar þar sem örfá ár eru til stefnu áður en honum verður endanlega lokað samkvæmt gildandi samkomulagi. Þar skiptir trúverðugleiki stjórnmálamanna í umræðunni lykilhlutverki. Í því samhengi er vert að minna á að forsætisráðherrann fyrrverandi var fulltrúi í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar, þar sem unnið var að aðalskipulagi þar sem meginmarkmiðið var að flugvöllurinn myndi víkja, auk þess sem hann var sjálfur þeirrar skoðunar. Þótt hann skipti um skoðun þegar hann tók við sem formaður Framsóknarflokksins árið 2009 benda verk hans á kjörtímabilinu ekki til þess að hann hafi lagt nokkurn skapaðan hlut á sig til að koma í veg fyrir að Reykjavíkurflugvöllur færi úr Vatnsmýrinni.




# Hrægammabónusar

**Ólafur Elíasson** MBA
**Agnar Helgason** mannfræðingur
**Ragnar Ólafsson** félagssálfræðingur
**Davíð Blöndal** eðlis- og tölvunarfræðingur
**Torfi Ólafsson** verkfræðingur
**Sveinn Valfells** eðlis- og hagfræðingur

Það er búið að vera skrýtið að fylgjast með umræðunni um ofurbónusana sem starfsmenn slitabúanna eru að fá þessa dagana.

Það er eins og fólk viti ekki almennilega af hverju það er svona rosalega reitt. En nú eru margir að kveikja á perunni.

Þiggjendur bónusgreiðslnanna eru íslenskir erindrekar vogunarsjóðanna. Sjóða sem keyptu nánast heila landsframleiðslu á slikk í kreppunni – til að græða á efnahagsþrengingum Íslendinga.

Þetta eru mennirnir sem tókst að slá ryki í augu stjórnmálamanna, embættismanna og almennings. Þeim tókst að telja öllum trú um það að best væri að gefa vogunarsjóðunum sem mest eftir. Þeir myndu mæta 39% stöðugleikaskatti með lögsóknum. Niðurstaðan var að kröfuhafarnir greiddu miklu lægri stöðugleikaframlög og fengu þar með að losna undan fjármagnshöftum með stórfé.

Þannig færðu bónusþegar umbjóðendum sínum hundruð milljarða af fé sem réttilega hefði runnið í ríkissjóð. Nú eru þeir að fá „silfurpeninga“ sína, sem eru aðeins brotabrot af þeim upphæðum sem kröfuhafarnir höfðu úr þrotabúum gömlu föllnu bankanna.

Allt er þetta beinlínis á kostnað okkar hinna, sem enn sitjum föst í fjármagnshöftum. Það er síðan grátlegt að fylgjast með ráðherrum klóra sér í hausnum og hneykslast yfir bónusgreiðslum, sem þeir sköpuðu svigrúm fyrir með slökum nauðasamningum við kröfuhafana um þessi aumu stöðugleikaframlög.

Höfundar eru meðlimir í In-Defence hópnum.

REYKJAVÍKURBORG




Skapandi starf í Gufunesi



# Húsnæði fyrir kvikmyndastarfsemi

Atvinnuhúsnæði á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi er til leigu fyrir fyrirtæki eða klasa með starfsemi sem tengist kvikmyndagerð, en aðrar skapandi greinar koma einnig til greina.

Til leigu eru um 550 m² skrifstofuhúsnæði, 1.140 m² niðurgrafin skemma og 2.300 m² verkstæðis- og lagerhús. Skrifstofuhúsnæðið og skemman eru laus nú þegar, en verkstæðisbyggingin gæti losnað á næstu mánuðum.

Reykjavíkurborg gekk nýlega frá samningum við RVK-studios ehf. um kaup á hluta gömlu Áburðarverksmiðjunnar fyrir kvikmyndastúdíó. Gert er ráð fyrir að í nágrenni þess byggist upp aðstaða fyrir starfsemi sem tengist kvikmyndagerð.

Samkeppni um framtíðarskipulag Gufunessvæðisins í heild stendur yfir og því eru ákvarðanir um nýtingu lands og bygginga nú teknar með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Tilkynning um áhuga berist til þjónustuvers Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í umslagi merktu „Leiga í Gufunesi“ **fyrir kl. 12:00 mánudaginn 26. september 2016.**

Innsend gögn verða metin í ljósi þeirra áforma að í Gufunesi byggist upp fjölbreytt og heildstæð starfsemi á sviði kvikmyndagerðar. Mikilvægt er að í gögnum komi fram skýrar hugmyndir um hvernig viðkomandi starfsemi fellur að þessum áformum.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á reykjavik.is/leiga

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/sea | s. 411 11 11

# Uppboð og óvissa



Jón Steinsson
dósent í hagfræði við Columbia-háskólann í New York

Ein helstu rök þeirra sem tala gegn hugmyndum um uppboð á veiðiheimildum eru að slík uppboð myndu auka óvissu útgerða. Þeir sem verst láta tala jafnvel um kollsteypu. Þessi meinta aukning á óvissu er mjög orðum aukin. Fyrir því eru nokkrar ástæður:

1. Aðeins hluti kvótans á uppboði ár hvert: Enginn er að tala um að bjóða allan kvótann upp á hverju ári. Flestar hugmyndir um uppboð á veiðiheimildum ganga út á að bjóða út tiltölulega lítinn hluta kvótans á hverju ári (ef til vill 10% til tíu ára í senn).

2. Forkaupsréttur: Þeir sem höfðu kvótann fyrir gætu fengið forkaupsrétt á hluta þess sem þeir eru að missa á því verði sem kemur út úr uppboðinu. Þessi forkaupsréttur gæti meira að segja verið hlutfallslega stærri fyrir minni útgerðir. Þannig væri auðvelt að skýla minni útgerðum algerlega fyrir hættunni á því að „tapa í uppboðinu“.

3. Virkur eftirmarkaður: Best væri að veiðiheimildirnar sem leigðar eru á uppboðinu verði að fullu framseljanlegar. Þá yrði til staðar virkur eftirmarkaður þar sem þeir, sem tækist illa upp í uppboðinu eitt árið, gætu leigt veiðiheimildir af þeim sem gekk betur. Einhverjum kann að lítast illa á slíkt „brask“. Það er þó í grundvallaratriðum annars eðlis en núverandi brask. Í uppboðskerfi þyrftu braskararnir fyrst að borga fullt verð fyrir veiðiheimildirnar áður en þeir gætu leigt þær frá sér. Þeir væru því ekki að græða á tá og fingri eins og í núverandi kerfi.

Þessir þrír þættir draga verulega úr þeirri óvissu sem myndi fylgja uppboði á veiðiheimildum.

**Óbærileg óvissa?**

Andstæðingar uppboðsleiðarinnar halda því oft fram að það sé óbærilega íþyngjandi að standa í útgerð ef einhver óvissa ríkir um veiðiheimildir. Þetta er della. Útgerðir hafa ekki tryggt sér olíu til margra ára. Það telst ekki óbærilega íþyngjandi. Þær geta ekki tryggt sér starfsfólk mörg ár fram í tímann (starfsmenn geta sagt upp hvenær sem er). Það telst ekki óbærilega íþyngjandi. Flest fyrirtæki hafa ekki einu sinni tryggt sér fjármagn til margra ára, þ.e. flest þurfa þau að endurfjármagna einhverjar skuldir með reglulegu millibili. Það telst ekki óbærilega íþyngjandi.

Veiðiheimildir eru bara eitt af mörgu sem þarf til þess að halda úti útgerð. Það ríkir einhver óvissa um flesta þessa þætti. En í fæstum tilfellum útheimtir sú óvissa gríðarlegar niðurgreiðslur frá ríkinu. Það sama á við um allan annan rekstur. Byggingafyrirtæki þurfa til dæmis að verða sér úti um lóðir, starfsfólk, fjármagn og önnur aðföng. Það ríkir óvissa um öll þessi atriði. Er það óbærilega íþyngjandi fyrir slík fyrirtæki? Vitaskuld ekki.

Í dag býr útgerðin hins vegar við annars konar óvissu: óvissu um framtíð kerfisins. Sú óvissa er til komin vegna þess að stórum hluta almennings misbýður það að útgerðarmenn fái veiðiheimildir úthlutaðar gegn gjaldi sem er langt undir raunvirði heimildanna. Uppboð á veiðiheimildum myndi taka á þessum vanda og með því skapa skilyrði fyrir stöðugleika hvað varðar kerfið sjálft. Það er mikilvægur kostur.

Vel útfært uppboð á veiðiheimildum getur lágmarkað þá óvissu sem slíkum uppboðum fylgir, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Óvissan sem fylgir uppboði er auk þess ekkert öðruvísi en sú sem fylgir því að þurfa að fjármagna sig, ráða starfsfólk og kaupa aðföng í öllum atvinnurekstri.

Málflutningur andstæðinga uppboðs á veiðiheimildum um þá óvissu sem slíku kerfi myndi fylgja er hræðsluáróður. Ekki láta blekkjast.

# Fiskeldi útlendinga



Yngvi Óttarsson
verkfræðingur



Að undanförnu hefur Gunnlaugur Stefánsson í Heydölum haft uppi þörf aðvörunarorð í Fréttablaðinu og Bændablaðinu um yfirvofandi, varanlegt og óafturkræft tjón á lífríkinu við Ísland verði fiskeldið ekki skikkað til að ganga sómasamlega um lífríkið. Ekki hefur staðið á svörum frá forsvarsmönnum þaðan enda vasar hinna erlendu eigenda djúpir. Því miður hafa svörin verið heldur ómálefnaleg. Þeir skauta alfarið framhjá því að ræða hið margvíslega tjón sem starfsemi þeirra mun valda ef ekki verður gripið í taumana. Alvarlegast og siðferðilega óverjandi er yfirvofandi óafturkræft tjón á lífríkinu. Hvernig dettur hinum erlendu eigendum í hug að þeir komist upp með að ganga þannig um náttúru landsins? Og vaða í leiðinni yfir þá sem byggja afkomu sína á einstakri náttúru, ferðaþjónustunni, smábátasjómönnum og fleirum?

**Hvernig dettur hinum erlendu eigendum í hug að þeir komist upp með að ganga þannig um náttúru landsins? Og vaða í leiðinni yfir þá sem byggja afkomu sína á einstakri náttúru, ferðaþjónustunni, smábátasjómönnum og fleirum?**

**Erfðamengun**

Rannsóknir hafa sýnt að erfðasamsetning norska laxastofnsins sem nýttur er í eldinu er mjög frábrugðin erfðasamsetningu náttúrulegu stofnanna sem flesta þverár renna í. Stroklaxar úr eldi ganga upp í ár í allt að nokkur hundruð kílómetra fjarlægð, hrygna þar og brengla erfðamengið sem aðlagað er viðkomandi árkerfi og valda í framhaldinu viðkomubresti. Um þetta eru vísindamenn sammála.

Fiskeldið með hinum framandi norska stofni er enn hættulegra lífríkinu hér við land en í Noregi þar sem íslenskir laxastofnar eru erfðafræðilega svo fjarskyldir norskum stofnum. Norskur eldisstofn fékkst fluttur inn til landsins fyrir 30 árum gegn loforði Landssambands fiskeldisstöðva um að hann yrði aldrei nýttur í kvíaeldi við Ísland, aðeins landeldi. Það loforð hafa eldismenn svikið rækilega og dæmi hver fyrir sig um innrætið.

**Stroklaxar**

Sleppingar úr eldinu eru staðreynd. Bæði getur verið um minni sleppingar að ræða svo sem þegar skrúfa fóðurbáts rakst í net kvíar í Berufirði nýlega og fjöldi fiska fann gatið, og allt upp í að einstök eldiskví gefur sig í heilu lagi með allt að 200.000 norskum eldislöxum. Mat Veiðimálastofnunar er að fyrir hvert tonn framleitt í eldi megi að jafnaði reikna með einum stroklaxi. Þannig muni árlega sleppa 100.000 stroklaxar úr fyrirhuguðu 100.000 tonna eldi við Ísland. Mun fleiri en árlegur fjöldi veiddra laxa af náttúrulegum uppruna.

**Staðreyndir frá Noregi**

Eldisaðilar í Noregi gáfu upp um 300.000 stroklaxa árið 2014 en Hafrannsóknarstofnun Noregs álítur að raunfjöldi stroklaxa sé tvöföld til fjórföld sú tala. Vísindamenn telja því að árlega sleppi um ein milljón stroklaxa úr eldi í Noregi, nálægt einum laxi fyrir hvert tonn sem framleitt er. Staðreyndirnar tala sínu máli og óraunhæft að gera ráð fyrir lægra sleppihlutfalli í eldi hér við land vegna erfiðs sjólags, lagnaðarísa, mögulegs hafíss og annarrar óáranar.

Nú er svo komið að náttúrulegir laxastofnar í Noregi hafa látið verulega á sjá. Heildarstofnstærðin er innan við helmingur af því sem hún var fyrir 30 árum og stofnum í einstaka ám ýmist verið eytt eða þeir í stórhættu. Niðurstöður nýrrar rannsóknar norsku náttúrufræðistofnunarinnar (NINA) sem birtar voru á þessu ári sýna að tveir af hverjum þremur náttúrulegum stofnum í Noregi eru orðnir erfðafræðilega brenglaðir af völdum stroklaxa úr eldi. Þarf frekari vitnanna við?

Í ljósi þessara alvarlegu afleiðinga hafa Norðmenn hafið tilraunir með ófrjóan eldislax en auðvelt og ódýrt er að gelda eldislax með því að þrýstimeðhöndla hrognin. Eldið með ófrjóa fiskinn hefur gengið á kaldari svæðum í Noregi. Því ætti að vera vandalítið fyrir eldið hér á landi að nýta þessa tækni. Ekkert frumkvæði er að sjá í þá átt.

Náttúruunnendur, almenningur og stjórnkerfið verða að grípa í taumana og koma í veg fyrir að fiskeldið valdi varanlegu og óafturkræfu tjóni á íslenskri náttúru.

# Styttum vinnuvikuna



Magnús Már Guðmundsson
borgarfulltrúi og frambjóðandi í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík

Fjölskylduvænt samfélag og langur vinnutími fara ekki saman. Skýrar vísbendingar eru um það að styttri vinnuvika geti leitt til meiri framleiðni og hafi jákvæð áhrif á vellíðan starfsfólks. Þess vegna eigum við að stytta vinnuvikuna.

Vinnutími á Íslandi er lengstur allra landa í Evrópu, ef litið er til vinnustunda þeirra sem vinna fulla vinnu. Tengsl eru á milli styttri vinnutíma og meiri framleiðni. Ef Ísland er borið saman við hin norrænu ríkin sést að á Íslandi er unnið meira en annars staðar á Norðurlöndunum, en landsframleiðsla á Íslandi er talsvert minni en í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi.

Langur vinnudagur kemur niður á heilsu okkar. Sýnt hefur verið fram á að þeir sem vinna mjög mikið eru í meiri hættu á að fá kransæðasjúkdóma og heilablóðfall en þeir sem vinna styttri vinnuviku. Hér á landi er hlutfall þeirra sem vinna meira en 50 tíma á viku hvað hæst allra í Evrópu en hlutfallið er mun lægra hjá hinum norrænu þjóðunum. Fullyrða má að styttri vinnudagur leiði af sér að færri brenni út í starfi.

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar hefur staðið yfir á tveimur starfsstöðum í Reykjavík í um eitt og hálft ár. Niðurstöður benda til afar jákvæðra áhrifa verkefnisins. Andleg líðan, líkamleg líðan og starfsánægja mælist marktækt meiri á tilraunavinnustöðunum en samanburðarstaðnum á meðan enginn munur mælist á viðhorfi til þjónustu eða opnunartíma. Skammtímaveikindum fækkar á tilraunavinnustöðunum en ekki á samanburðarstaðnum.

Sífellt fleiri hafa á undanförnum árum talað fyrir styttingu vinnuvikunnar og ekki að ástæðulausu. Meginmarkmiðið er að stuðla að fjölskylduvænum vinnumarkaði með styttri heildarvinnutíma. Það mikilvægasta fyrir börn eru samvistir við foreldra. Þegar við bætist aukin framleiðni, bætt heilsa og betri lífsgæði er ljóst að ráðast þarf í þær breytingar sem leiða til styttingar vinnuvikunnar.

Aðilar vinnumarkaðsins þurfa eðli málsins samkvæmt að koma að breytingum sem fela í sér skipulag vinnutíma sem í grunninn er snúið og snýr að lögum og gerð kjarasamninga. Ríkið á auk þess að stuðla að umfangsmiklu tilraunaverkefni á sínum starfsstöðum, standa fyrir úttekt á þjóðhagslegri arðsemi þess að stytta vinnuvikuna, búa til hvata fyrir sveitarfélög og fyrirtæki að stytta vinnuvikuna og kalla viðeigandi aðila saman að borðinu.

Styttri vinnuvika er hagur okkar allra. Til mikils er að vinna og koma þannig á fjölskylduvænna samfélagi og tryggja aukinn jöfnuð og lífsgæði.

# Nokkur orð um LÍN, jöfnuð og tekjutengingu afborgana



Eydís Blöndal
oddviti Röskvu, ljóðskáld og heimspeki- og hagfræðinemi við Háskóla Íslands

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög hans tækifæri til náms án tillits til efnahags. Þetta hlutverk sjóðsins er mikilvægur þáttur í einni grunnstoð samfélagsins okkar, menntun. Gott samfélag gerir menntun hátt undir höfði og greiðir aðgengi fólks að því námi sem það kýs sér. LÍN á að sjá til þess að allir geti elt þessa braut á sínum hraða, á eigin forsendum og á sinn hátt, hvort sem það er bóklegt nám á Íslandi eða listnám erlendis og sama hvort viðkomandi er fatlaður, einstætt foreldri eða nýútskrifaður úr menntaskóla. Nú nefndi ég að sjálfsögðu aðeins nokkur dæmi um áhrifaþætti, en þeir eru jafn fjölbreytilegir og við erum mörg.

LÍN er jöfnunarsjóður og til þess að ráðstafa fjármagni sjóðsins þarf að hafa jafnaðarsjónarmið í hávegum. Jöfnuður þýðir ekki að allir fái það sama, heldur að allir fái það sem þeir þurfa til þess að byrja á sömu ráslínu, og hafi þar með sömu tækifæri til menntunar. Einnig þarf að ráðstafa hlutunum þannig að „jafna ráslínan sé sem hagstæðust“, ef svo má til orða taka.

**Eykur greiðslubyrðina**

Til þess að LÍN geti staðið undir þessu hlutverki þarf að breyta ýmsu í boðuðu frumvarpi menntamálaráðherra. Helst ber að nefna afnám tekjutengingar. Sú stefna að endurgreiðslur lána haldist í hendur við tekjur hvers og eins hefur einmitt gert það að verkum að greiðslubyrði allra lánþega sé viðráðanleg að námi loknu. Það að endurgreiðslur verði jafnar óháð tekjum, eins og kveðið er á um í nýju frumvarpi, eykur greiðslubyrði þeirra sem eru með lægri laun eftir nám. Í þeim hópi er til dæmis fólk sem stríðir við langvarandi veikindi eða fatlaðir sem geta ekki unnið fullan vinnudag, konur sem enn eru með óútskýrð lægri laun en karlar og fólk sem starfar í stéttum með lægri laun, og benda má á að kvennastéttir falla oft undir þær stéttir.

**Ósamræmi tekna og kostnaður**

Gallinn við tekjutengdar afborganir í núverandi kerfi er sá að fólk falli frá áður en það er búið að borga lánið sitt til baka og í því sé falinn óbeinn styrkur. En ég spyr: hvernig stendur á því að háskólamenntaður einstaklingur hefur ekki nægilega háar tekjur öll sín ár á vinnumarkaði til þess að endurgreiða lánið sem viðkomandi tók til að mennta sig? Það þarf að skoða, því þetta ósamræmi tekna og kostnaðar við menntun getur ekki talist eðlilegt. Þótt hvatinn bak við menntun sé ekki einungis góðar framtíðartekjur þá ætti fólk vissulega að uppskera fjárhagslegt öryggi jafnt sem að svala þekkingarþorsta, öðlast gleði og gagnrýna hugsun að námi loknu. Það er þannig sem við hámörkum verðmætin sem búa í hugviti samfélagsins.

**Það að endurgreiðslur verði jafnar óháð tekjum, eins og kveðið er á um í nýju frumvarpi, eykur greiðslubyrði þeirra sem eru með lægri laun eftir nám. Í þeim hópi er til dæmis fólk sem stríðir við langvarandi veikindi eða fatlaðir sem geta ekki unnið fullan vinnudag, konur sem enn eru með óútskýrð lægri laun en karlar og fólk sem starfar í stéttum með lægri laun.**

# Rofinn samfélagssáttmáli



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Umræðan um að þjóðin fái eðlilegt endurgjald fyrir afnot útgerðarmanna af fiskveiðiauðlindinni virðist oftar en ekki verða til þess að endurvekja leikþáttinn „einn voða vitlaus“. Þessi leikþáttur fer alltaf í gang hjá útgerðarmönnum og ekki síður stjórnmálamönnum þegar þjóðin vitjar réttar síns. – Hjá stjórnmálamönnum birtist hann yfirleitt í því að „kvótinn safnist á fárra hendur“ vitandi vits að það eru lög í landinu sem hindra það. Eða þá að nýliðun verði erfiðari með útboðsleið sem tryggir árlegt útboð á t.d. 10% kvótans frekar en kvótakaupum nýliða á uppsprengdu verði eins og nú tíðkast.

**„Einn voða vitlaus“**

Hjá útgerðarmönnum lýsir leikþáttinn sér aðallega í yfirlýsingum um að „ekki dugi að bjóða út allan kvótann árlega“ á meðan enginn hefur talað fyrir því heldur verði það a.m.k. til fimm eða tíu ára í senn. Eða þá hvað þjóðin eigi að vera þakklát fyrir að útgerðir greiði skatt eins og önnur fyrirtæki í landinu. Auðvitað er það sorglegt að horfa upp á vel gefna einstaklinga bregða sér í hlutverkið „einn voða vitlaus“ þegar þessir sömu einstaklingar hafa sýnt með dugnaði sínum, útsjónarsemi og aðganginum að fiskimiðunum þá hafa þeir náð að skapa sér gróða sem nemur milljörðum á milljarða ofan ár eftir ár.

**Aflaheimildir eru aðföng**

Vert er að hafa í huga að aflaheimildirnar sem þjóðin úthlutar árlega verður að líta á eins og hver önnur aðföng í rekstri útgerða, eins og t.d. olíu eða veiðarfæri. Þess vegna hafa tekjurnar sem þjóðinni ber af þessari eign sinni ekkert með skatta að gera heldur eru eingöngu það afgjald sem þjóðinni ber af afnotum eignar hennar.

Til frekari skýringa má hugsa sér að þegar fiskiskip fer til veiða þá tekur það olíu. Olíufélagið sem seldi því olíuna spurði ekki útgerðina áður hvernig gengi, hvort útgerðin væri aflögufær og léti svo verð olíunnar ráðast af því. Olíuverðið ræðst einfaldlega á markaði. Sama hlýtur að gilda um fiskveiðiheimildirnar sem þjóðin leigir útgerðunum, þjóðin á ekki að spyrja útgerðirnar hvort þær séu aflögufærar til að greiða eitthvað fyrir þær. Verð aflaheimildanna hlýtur að ráðast af eftirspurn þeirra sem vilja fá að færa sér aflaheimildirnar í nyt, en ekki afkomu einstakra útgerða.

**Vilja hygla útgerðum**

Stjórnmálamenn sem eru andsnúnir útboði aflaheimilda hafa viðurkennt að með því að bjóða út aflaheimildir þá væri hægt að fá hæst verð fyrir þær og þar með væri þjóðin að fá mest fyrir sinn snúð. Samt sem áður vilja þeir ekki fara þá leið. Nei, þeir vilja sjálfir fá að hygla einstökum útgerðum af því að þær eru staðsettar þar sem þeim líkar eða hafa eitthvað annað til að bera sem þeim einum er þóknanlegt. – Hvers vegna á iðnverkakona í Fellahverfi að sætta sig við að hennar hluti fiskveiðiheimilda skuli ekki boðinn hæstbjóðanda sem gæti orðið til þess að öldruð móðir hennar kæmist á hjúkrunarheimili, af því að einhverjum þingmönnum finnst að útgerðarmenn, sem eru í náðinni hjá þeim, eigi að sleppa við að greiða fullt gjald?

Um þetta snýst viðfangsefnið um úthlutun aflaheimilda.



> **Hvers vegna á iðnverkakona í Fellahverfi að sætta sig við að hennar hluti fiskveiðiheimilda skuli ekki boðinn hæstbjóðanda sem gæti orðið til þess að öldruð móðir hennar kæmist á hjúkrunarheimili?**




Íslenski byggingavettvangurinn og velferðarráðuneytið boða til málþings um verkefnið

**VANDAÐ – HAGKVÆMT – HRATT**

**Staðan og næstu skref**

Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 8. september kl. 9–12

**Dagskrá**

- Ávarp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, um stöðu verkefnisins og nýtt „Mælaborð“ velferðarráðuneytisins um húsnæðismál.
- Breytingar á byggingareglugerð með tilliti til lítilla íbúða og smáhýsa.
  *Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar.*
- Áhrif lóðaverðs og lóðaframboðs á íbúðamarkaðinn.
  *Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.*
- Vistvænt, vandað og vel planað.
  *Sigríður Björk Jónsdóttir og Elín Vignisdóttir, Vistbyggðarráði.*
- Hagkvæmni – stöðugleiki – upplýsingar.
  *Sigurður Jón Björnsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Íbúðalánasjóðs.*
- „Vandað“ í „Vandað, hagkvæmt og hratt“.
  *Ólafur H. Wallevik, forstöðumaður Rannsóknastofu byggingariðnaðarins við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*
- Kostnaðargreining. Hvar er mögulega hægt að lækka íbúðaverð?
  *Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnastjóri Íslenska byggingavettvangsins.*
- Íslenskur hugmyndavettvangur. Ólíkar nálganir og nýjar leiðir við hönnun smáíbúða.
  *Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt hjá Hornsteinum, Oddur Víðisson, arkitekt hjá DAP ehf. og Jón Magnússon, verkefnisstjóri hjá Þingvangi.*

**Skráning á www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins · Íbúðalánasjóður · Mannvirkjastofnun · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · ÍBVV Íslenski byggingavettvangurinn · Velferðarráðuneytið

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





# Ásættanleg byrjun í Úkraínu

**Ísland hóf vegferð sína að sæti í úrslitakeppni HM 2018 í Rússlandi með því að gera jafntefli við sterkt lið Úkraínu ytra í gær, 1-1. Strákarnir byrjuðu leikinn af krafti en gátu að lokum prísað sig sæla að ná stigi.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar tóku sitt fyrsta skref í nýrri keppni eftir EM-ævintýri sumarsins er Ísland gerði 1-1 jafntefli gegn Úkraínu ytra í undankeppni HM 2018 í Rússlandi.

Tilfinningarnar eftir leikinn voru blendnar. Okkar menn spiluðu frábærlega fyrstu 40 mínútur leiksins og hefðu með réttu átt að vera með meira en 1-0 forystu þegar jöfnunarmark Úkraínu kom í lok hálfleiksins. Úkraína spilaði svo betur í síðari hálfleik og okkar menn gátu prísað sig sæla að komast frá leiknum með skiptan hlut, enda brenndu heimamenn af vítaspyrnu þegar skammt var til leiksloka.

### Vantaði bara fleiri mörk

Alfreð Finnbogason gaf tóninn þegar hann skoraði úr þröngu færi snemma í leiknum en þrátt fyrir mikið kæruleysi í varnarleik heimamanna náðu strákarnir ekki að nýta sér það frekar. Jón Daði Böðvarsson fékk besta færið til að skora annað mark Íslands er hann fékk tvö skotfæri eftir frábæran undirbúning Alfreðs en fyrra skot hans fór í varnarmann og það síðara yfir, fyrir nánast opnu marki.

Heimamenn voru líkt og flestir andstæðingar Íslands á EM í sumar mun meira með boltann en náðu ekki að gera sér mikinn mat úr því. Framan af leik átti Ísland mun fleiri marktilraunir, til samanburðar, og spilaði vel. Það vantaði bara fleiri mörk.

Vendipunktur leiksins kom á 39. mínútu, er Ari Frey Skúlason sneri sig illa á ökkla. Hann var keyrður í burtu á börum og örfáum sekúndum eftir að leikurinn hófst á ný, og varamaður Ara Freys ekki kominn inn á, skoraði Andriy Yarmolenko jöfnunarmark Úkraínu eftir að hafa hirt frákastið af markvörslu Hannesar Þórs Halldórssonar beint út í teig.

### Kærkomið klúður

Það var ágæt barátta í okkar mönnum framan af síðari hálfleik og fór þar fyrirliðinn Aron Einar fremstur í flokki. En Gylfi Þór Sigurðsson, sem haltraði um skamma stund í fyrri hálfleik eftir að hafa fengið högg á fótinn, virtist ekki samur og áður og sömuleiðis dró af sóknarmönnum Íslands.

Úkraínumenn gerðust sókndjarfari eftir því sem leið á leikinn og uppskáru vítaspyrnu á 83. mínútu er varamaðurinn Arnór Ingvi Traustason braut klaufalega á Bohdan Butko, bakverði Úkraínu. Yevhen Konoplyanka fór sem betur fer illa að ráði sínu og skaut í utanverða stöngina og fram hjá. Keimlíkt vítaspyrnunni sem Austurríkismenn klúðruðu í leiknum gegn Íslandi á EM í Frakklandi.

### Erfitt að spila eftir EM

„Ég á erfitt með að meta þennan leik. Við vorum mjög ánægðir með fyrri hálfleikinn og hann spilaðist eins og við vildum. Við vorum þolinmóðir og fengum góðar opnanir,“ sagði Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari við íþróttadeild í gær.

„Seinni hálfleikurinn var svo ekki okkar besti. Við gáfum ekki mörg færi á okkur en við vitum að við getum spilað mun betur en þetta. Við vissum alltaf að það yrði erfitt að byrja að spila aftur eftir EM.“

Öll liðin í riðli Íslands gerðu 1-1 jafntefli í gær og Heimir er ánægður með stöðu Íslands.

„Nú eru öll liðin jöfn en við búnir með erfiðan leik í Úkraínu. Hingað munu ekki mörg lið koma og fá meira en eitt stig. Við vorum ekki alveg nógu sáttir við spilamennsku okkar en getum verið nokkuð ánægðir með niðurstöðuna.“

## Frammistaða Íslands gegn Úkraínu (4-4-2):

**Hannes Þór Halldórsson** 6
Var í vandræðum framan af leik með föst skot Úkraínu og gerði ekki nógu vel í marki heimamanna.

**Birkir Már Sævarsson** 7
Fékk það erfiða verkefni að gæta Konoplyanka en komst vel frá því.

**Ragnar Sigurðsson** 8
Tók upp þráðinn þar sem frá var horfið á EM í sumar. Öflugur.

**Kári Árnason (maður leiksins)** 8
Öryggið uppmálað. Ákveðinn í öllum sínum aðgerðum.

**Ari Freyr Skúlason** 5
Átti í basli með stjörnu Úkraínu, Yarmolenko, framan af leik. Fór meiddur af velli á 40. mínútu.

**Jóhann Berg Guðmundsson** 6
Duglegur líkt og allir leikmenn íslenska liðsins og hjálpaði í vörninni. Lítið kom úr sóknaraðgerðum hans.

**Aron Einar Gunnarsson** 8
Lykilmaður eins og ávallt á miðju íslenska liðsins, þar sem hann var duglegur að vinna boltann af andstæðingnum. Vann vel til baka og varðist frábærlega.

**Gylfi Þór Sigurðsson** 7
Hljóp manna mest eins og áður. Vann boltann ítrekað á mikilvægum augnablikum. Stýrði sóknarleiknum ekki vel í seinni hálfleik.

**Birkir Bjarnason** 6
Lagði upp mark Íslands með góðri sendingu, vann vel fyrir liðið en gekk illa að koma sér inn í sóknarleik liðsins að öðru leyti.

**Jón Daði Böðvarsson** 7
Iðinn og harðduglegur sem fyrr. Gerði varnarmönnum Úkraínu lífið leitt framan af leik. Var klaufi að skora ekki snemma leiks.

**Alfreð Finnbogason** 7
Var frábær í upphafi leiks og gerði vel í markinu sem hann skoraði. Lagði upp frábært færi fyrir Jón Daða.

**Hörður Björgvin Magnússon** 5
Kom inn á sem varamaður fyrir Ara Frey á 39. mínútu. Gekk erfiðlega.

**Arnór Ingvi Traustason** -
Kom inn á sem varamaður fyrir Birki Bjarnason á 75. mínútu.

**Emil Hallfreðsson** -
Kom inn á fyrir Jóhann á 84. mín.

**Nú eru öll liðin jöfn en við búnir með erfiðan leik í Úkraínu. Hingað munu ekki mörg lið koma og fá meira en eitt stig.**



Heimir Hallgrímsson

## Nýjast

**Undankeppni HM 2018: I-riðill**

**Ísland - Úkraína 1-1**
0-1 Alfreð Finnbogason (5.), 1-1 Andriy Yarmolenko (41.).

**Króatía - Tyrkland 1-1**
1-0 Ivan Rakitic, víti (44.), 1-1 Hakan Calhanoglu (45.).

**Finnland - Kósovó 1-1**
1-0 Paulus Arajuuri (18.), 1-1 Valon Berisha, víti (60.).

Allir leikirnir enduðu með 1-1 jafntefli. Kósovó náði í stig í sínum fyrsta keppnisleik. Tveir leikir fóru fram fyrir luktum dyrum.

**Undankeppni HM 2018: D-riðill**

**Georgía - Austurríki 1-2**
0-1 Martin Hinteregger (16), 0-2 Marc Janko (42.), 1-2 Jano Ananidze (78.).

**Wales - Moldóva 4-0**
1-0 Sam Vokes (38.), 2-0 Joe Allen (44.), 3-0 Gareth Bale (51.), 4-0 Bale, víti (90+5).

**Serbía - Írland 2-2**
0-1 Hendrick (3.), 1-1 Filip Kostic (62.), 2-1 Dusan Tadic, víti (69.), 2-2 Daryl Murphy (81.).

Gareth Bale fór mikinn í stórsigri Wales, Austurríkismenn mörðu sigur í Georgíu og Serbar og Írar sættust á skiptan hlut.

**Undankeppni HM 2018: G-riðill**

**Spánn - Liechtenstein 8-0**
1-0 Diego Costa (10.), 2-0 Sergi Roberto (55.), 3-0 David Silva (59.), 4-0 Vitolo (60.), 5-0 Costa (66.), 6-0 Álvaro Morata (82.), 7-0 Morata (83.), 8-0 Silva (90+1.).

**Ísrael - Ítalía 1-3**
0-1 Graziano Pelle (14.), 0-2 Antonio Candreva, víti (31.), 1-2 Tal Ben Chaim (35.), 1-3 Ciro Immobile (83.).

**Albanía - Makedónía 1-1**
1-0 Armando Sadiku (10.), 1-1 Ezdjan Alioski (51.).

Spánverjar skoruðu sjö í seinni, Ítalir unnu góðan útisigur og leikur Albana og Makedóna var flautaðar af vegna mikillar rigningar.

**STRÁKARNIR Í KJÖRSTÖÐU**
Íslenska fótboltalandsliðið skipað leikmönnum 21 árs og yngri mætir Frökkum í Caen í undankeppni EM 2017 í dag. Leikurinn hefst klukkan 16.45. Íslensku strákarnir eru í frábærri stöðu til að tryggja sér sæti í lokakeppninni í Póllandi. Ísland er á toppi riðilsins með 15 stig og á leik til góða á liðin í 2. og 3. sæti, Makedóníu og Frakkland. Íslenska liðið getur tryggt sér sæti á EM í dag vinni það Frakka og N-Írar vinni Makedóníumenn. Síðustu tveir leikirnir hjá íslenska liðinu eru á heimavelli gegn Skotlandi og Úkraínu. Ísland vann fyrri leikinn gegn Frakklandi á heimavelli með þremur mörkum gegn tveimur.

## Í dag

**Undankeppni HM 2018:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | Svíþjóð - Holland | Sport |
| 18.45 | Sviss - Portúgal | Sport 2 |
| 18.45 | H-Rússl. - Frakkland | Sport 3 |
| 18.45 | Færeyjar - Ungverjal. | Sport 5 |
| 18.45 | Kýpur - Belgía | Sport 6 |
| 20.45 | HM markasyrpa | Sport |

**Pepsi-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.20 | FH - Selfoss | Sport 4 |
| 17.15 | Þór/KA - Valur | Þórsvöllur |
| 17.30 | ÍA - Stjarnan | Norðurálsv. |
| 17.30 | KR - Fylkir | Alvogen-völlur |
| 17.30 | Breiðablik - ÍBV | Kópavogsv. |

# KAUPAUKI MEÐ NUTRILENK GOLD

**Artasan kynnir** Nú er hægt að fá sérstakt kaupaukatilboð þar sem nýja Nutrilenk Gelið fylgir FRÍTT með stóra Nutrilenk Gold glasinu. Liðbætiefnið Nutrilenk Gold þekkja flestir Íslendingar vel en nýlega bættist Nutrilenk Gelið við Nutrilenk fjölskylduna. Það má bera á auma liði og vöðva og hefur algjörlega slegið í gegn.

Nutrilenk Gelið er nýjasta viðbótin í Nutrilenk fjölskyldunni en það má bera á auma liði og vöðva. Það inniheldur chondroitin sem er eitt aðalbyggingarefni brjósks, sina og beina en það er einmitt virka efnið í Nutrilenk Gold.

„Nutrilenk Gold er efni sem þarf vart að kynna en þúsundir Íslendinga nota þetta liðbætiefni daglega og hafa gert í mörg ár. Þetta frábæra efni inniheldur chondroitin sem er náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og það hentar best þeim sem þjást af minnkuðum brjóskvef, sliti og verkjum í liðamótum. Einnig getur það dregið verulega úr verkjum og minnkað brak í liðum og stirðleika. Fjöldi Íslendinga hefur vitnað um gagnsemi þess og margir segjast hreinlega hafa öðlast nýtt líf eftir að hafa byrjað að nota Nutrilenk Gold,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## NUTRILENK GEL - NÝTT Á ÍSLENSKA MARKAÐNUM

Nú er komið á markað nýtt efni frá Nutrilenk sem heitir Nutrilenk Gel. „Þetta er fullkomin viðbót við Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active. Það hentar flestöllum sem glíma við verki og eymsli í liðum og vöðvum, er á gelformi og má bera beint á húðina. Það er kælandi og bólgueyðandi og getur dregið úr brjóskeyðingu. Nota má gelið bæði fyrir og/eða eftir hreyfingu,“ segir Hrönn.

## MEÐAL INNIHALDSEFNA ERU:

- **Eucalyptus ilmkjarnaolía** sem getur verið verkjastillandi ásamt því að vera góð fyrir upphitun hjá íþróttafólki.
- **Engiferþykkni** sem hjálpar til við að halda liðunum vel smurðum og örvar blóðrásina.
- **Chondroitin** sem er eitt aðalbyggingarefni brjósks, sina og beina. Það getur hjálpað til við að draga úr brjóskeyðingu og örvað brjóskmyndun í skemmdum liðum.

## ÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA NOTA NUTRILENK MEÐ GÓÐUM ÁRANGRI



„Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hnjánum og get hreyft mig óhindrað.“
Hinrik Ólafsson, leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt, auk þess að hafa farið í liðþófaaðgerðir. Fyrir rúmum 5 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Þá pantaði ég tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að huga betur að lífsstílnum og taka inn Nutrilenk. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur.“



„Öðlaðist nýtt líf – verkirnir voru orðnir hreint helvíti á jörð.“
Ragnheiður Garðarsdóttir, leikskólakennari

„Ég var greind með slitgigt og hef fundið fyrir verkjum í hægri mjöðminni um árabil. Á tímabili varð ég svo slæm að ég þurfti að fá sprautur og sterk verkjalyf fyrir mjöðmina. Suma daga var ég þokkaleg en aðrir voru hreint helvíti á jörð og hafa næturnar líka verið mér erfiðar gegnum árin. Eftir að ég fór að taka Nutrilenk öðlaðist ég hreinlega nýtt líf og síðan í september 2012 hef ég notað Nutrilenk Gold með frábærum árangri. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án alls sársauka.“







**Eitt mest selda liðbætiefnið á Íslandi.**

**Nutrilenk Gel fylgir FRÍTT með í kaupbæti í kaupaukapakkningunni.**

» Fjöldi Íslendinga hefur vitnað um gagnsemi Nutrilenk Gold og margir segjast hafa öðlast nýtt líf eftir að hafa byrjað að nota það.

**SÖLUSTAÐIR** Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.

**Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.**

Íþrótta- og útivistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útivistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.



GARMINBÚÐIN
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS

GARMIN®
fēnix3

# RÆKTAÐI LÍKAMA OG SÁL Í FRÍINU

**Guðrún Svava** ferðast helst ekki til útlanda án þess að einhver heilsu- eða líkamlegur ávinningur sé af ferðalaginu. Hún er nýkomin úr fjögurra vikna ferðalagi til New York þar sem jóga, dans, önnur hreyfing og hollur matur var í fyrirrúmi.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Jóga, dans og önnur skemmtileg hreyfing eru nauðsynlegur þáttur í hverju ferðalagi að mati Guðrúnar Svövu Kristinsdóttur, nemanda á lokaári í iðnverkfræði við Háskóla Íslands. Hún er nýlega komin heim eftir fjögurra vikna dvöl í New York þar sem hún sótti dans- og jógatíma á hverjum degi auk þess sem hollur og góður matur var líka í fyrirrúmi.

Guðrún Svava bjó um tíma í New York þar sem hún stundaði dansnám áður fyrr og heimsækir hún gömlu borgina sína reglulega, ekki síst til að rækta sjálfa sig andlega og líkamlega. „Ég ferðast eiginlega ekki án þess að það sé einhver heilsu- eða líkamlegur ávinningur af ferðalaginu. Því finnst mér best að ferðast þar sem ég get líka ræktað líkama og sál. Yfirleitt reyni ég að plana ferðir þannig að ég geti stundað jóga, dans eða einhverja skemmtilega hreyfingu á meðan. Næst á dagskrá er t.d. að læra að sörfa á einhverri heitri strönd.“

## HOLLUR MATUR

Aðgangur að góðum, ferskum og hollum mat skiptir líka miklu máli á ferðalögum og var New York ferðin engin undantekning. „Ég er algjör nautnaseggur og elska góð vín og góðan mat og reyni að sameina alla þessa hluti þegar ég ferðast. Þegar ég borða vel og hreyfi mig líður mér alltaf vel andlega. Frí fyrir mér snúast um að finna það sem lætur manni líða vel og sökkva sér í það.“

Flestir dagarnir hófust á tveggja klukkutíma danstíma og síðar um daginn sótti hún einn til tvo jógatíma. „Danstímarnir fóru fram í Martha Graham School og Alvin Ailey sem eru báðir toppskólar í borginni. Það fór yfirleitt eftir skapi dagsins hversu marga jógatíma ég sótti en yfirleitt sótti ég einn í hádeginu og annan á kvöldin. Þeir fóru flestir fram í Jivamukti Yoga School NYC og Yoga Vida en bæði stúdíóin sameina ágætlega það sem ég er helst að leita eftir í jóga. Auk þess tók ég líka Pilatestíma í Core Pilates NYC og Kinected en allir fyrrnefndir staðir hafa mismunandi eiginleika sem ég sæki í, líkamlega og andlega.“

## ÚRVAL VEITINGASTAÐA

Í New York má finna aragrúa góðra veitingastaða, ekki síst staði sem bjóða upp á dýrindis grænmetisrétti að sögn Guðrúnar Svövu. „Góður mexíkóskur matur er í uppáhaldi hjá mér. Ég smakkaði m.a. æðislegar kaktus-tacos á Taqueria í East Village sem er uppáhalds mexíkóski staðurinn minn í borginni. Morgun- og hádegismatur var yfirleitt snæddur á Juice Press sem er keðja sem sérhæfir sig í hráfæðismat, vegan mat og kaldpressuðum söfum. Það er mikilvægt að fá góða en létta næringu þegar maður hreyfir sig mikið allan daginn og uppáhalds réttirnir mínir voru hráfæðis vegan sushi og pestó kelp-núðlur.

Matarinnkaup gerði ég yfirleitt í Whole Foods en það er mekka lífræns fæðis sem kemur beint frá bændum. Aðrir góðir veitingastaðir voru m.a. Souen, sem er japanskur makróbíótískur heilsuveitingastaður, vegan staðurinn Angelica Kitchen og Quintessence sem býður upp á hráfæði.“



Guðrún Svava Kristinsdóttir.

> Yfirleitt reyni ég að plana ferðir þannig að ég geti stundað jóga, dans eða einhverja skemmtilega hreyfingu á meðan. Næst á dagskrá er t.d. að læra að sörfa á einhverri heitri strönd.
>
> Guðrún Svava Kristinsdóttir



Fjögurra vikna dvöl í New York var mjög hressandi fyrir líkama og sál.

## DEILIR REYNSLUNNI

Guðrún Svava heldur úti bloggi á slóðinni gudrunsvava.wordpress.com þar sem hún skrifar m.a. um líkamsbeitingu og líkamsstöðu, heilbrigðan lífsstíl og hugleiðslu. Á meðan á dvöl hennar stóð úti var hún dugleg að senda efni gegnum Snapchat-reikning sinn (gudrun.svava). „Ég er frekar nýbyrjuð að nota Snapchat og enn að finna mig þar. Margir fylgdust með og ég fékk fullt af spurningum um mataræði mitt sem ég reyndi að svara eftir bestu getu. Ég hef mjög gaman af því að deila reynslu minni og pælingum í þeim efnum því margir þjást af alls konar kvillum tengdum mataræði og vita stundum ekki af því.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum.
Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði.
Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 6. SEPTEMBER 2016




# HOLLAND ÁN BENSÍN/DÍSILBÍLA ÁRIÐ 2025

## Með þéttriðnasta net hleðslustöðva í Evrópu og fleiri stöðvar en í Bretlandi og Frakklandi samanlagt.

Tillaga sem borin var upp á hollenska þinginu í vor, þess efnis að bannað verði að selja nýja bíla með hefðbundnum bensín- eða dísilbrunavélum, hefur alls ekki verið lögð til hliðar og hefur reyndar fengið aukið fylgi. Tillagan hefur nú þegar farið í gegnum neðri deild þingsins í Hollandi og þaðan fer hún til umfjöllunar í efri deildinni. Ef af þessari lagasetningu verður yrðu bæði Hybrid- og Plug-In-Hybrid bílar meira að segja bannaðir í sölu og þyrftu allir bílar að vera rafmagns- eða vetnisbílar eða fullkomlega umhverfisvænir á annan hátt. Þó er tilgreint í lögunum að aka megi eldri bílum sem ekki hlíta þessum skilyrðum, enda væri æði erfitt að fyrirskipa íbúum landsins að fleygja öllum sínum bílum sem enn ganga. Talið er að verð rafmagnsbíla þurfi að lækka umtalsvert frá núverandi verði þeirra til þess að lögin verði samþykkt.

**Fleiri rafhleðslustöðvar en í Frakklandi og Bretlandi samanlagt**

Einnig þarf net hleðslustöðva fyrir rafmagns- og vetnisbíla að verða þéttara, þó svo að nú þegar megi finna 20.000 rafmagnshleðslustöðvar í landinu. Það eru reyndar helmingi fleiri hleðslustöðvar en fyrirfinnast í Bretlandi og Frakklandi til samans og því er um eitt þéttriðnasta net slíkra að ræða í heiminum í Hollandi. Því hafa hollenskir bíleigendur átta sinnum betri aðgang að slíkum stöðvum á hvern íbúa en Bretar og Frakkar. Hollendingar virðast afar móttækilegir fyrir tengiltvinnbílum (Plug-In-Hybrid) því 30% allra seldra slíkra bíla í Evrópu síðustu 12 mánuði voru seld í Hollandi. Hollendingar virðast ekki eins móttækilegir fyrir hreinræktuðum rafmagnsbílum því aðeins 3% allra seldra rafmagnsbíla í Evrópu seldust í Hollandi á sama tíma. Þó seldust 900 eintök af Tesla Model S síðustu 12 mánuði, en aðeins 412 Nissan Leaf bílar og aðrir rafmagnsbílar seldust í enn minni mæli.

BETRA START
MEÐ EXIDE RAFGEYMUM
Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:
MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
Ellingsen
EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION
PIPAR\TBWA • SÍA • 131858

# Volkswagen Group er stærsti bílasali í Kína

Volkswagen-bílafjölskyldan selur flesta bíla allra bílaframleiðenda í stærsta bílasölulandi heims, Kína. Þar slær Volkswagen við General Motors sem hefur haft sterka stöðu í Kína lengi og var söluhæst í fyrra. Volkswagen-bílafjölskyldan hefur nú þegar selt 2.148.000 bíla í Kína, þ.e. út júlí. General Motors hefur á sama tíma selt 2.081.005 bíla. Í júlí einum seldi Volkswagen 285.900 bíla en GM 270.529. Vöxtur VW-bílasamstæðunnar í þessum mánuði var 16% og var söluaukningin hjá Volkswagen-bílamerkinu einu 17% en 16% hjá Skoda og 9,9% hjá Audi en ekki voru birtar sölutölur frá Porsche eða Bentley. Það er því flest sem bendir til þess að Volkswagen-bílafjölskyldan muni taka við kyndlinum sem stærsti bílasali heims í Kína af General Motors. Það bar þó svo við að GM var söluhærra en VW í júní svo að slagurinn um efsta sætið gæti orðið spennandi út árið á þessum stærsta bílamarkaði heims.



Röð af Volkswagen bílum í Kína.

# 3.700 tilvonandi Nissan Leaf kaupendur í Kanada svekktir

Kanadamaðurinn og Nissan Leaf eigandinn Bruno Marcoux safnaði saman 3.700 tilvonandi Nissan Leaf kaupendum með loforði um að bílarnir myndu fást á 20.000 kanadadollara, eða 1,8 milljónir króna. Það verð átti að nást með endurgreiðslum frá kanadíska ríkinu sem það veitir kaupendum á rafmagnsbílum, sem og góðum afslætti frá Nissan. Forstjóri Nissan í Kanada hefur nú neitað Bruno Marcoux um magnafslátt af bílunum og sagði í leiðinni að sú endurgreiðsla sem Kanadaríki veiti uppá 8.000 kanadadollara væri nægur afsláttur á þeim. Viðbrögð Bruno Marcoux og kaupendanna voru þau að halla sér að Tesla og kaupa Tesla Model 3 bíla. Biðin eftir þeim gæti þó orðið löng þar sem nú þegar eru 400.000 manns skráðir fyrir nýjum slíkum bílum. Ef samningurinn við Nissan vegna Leaf-bílanna hefði gengið eftir hefði Nissan Leaf bílum á götum Kanada fjölgað um helming í einu vetfangi. Ekki síst eru Bruno Marcoux og hinir 3.700 viljugu kaupendur svekktir í ljósi þess að sams konar söfnun kaupenda á Nissan Leaf bílum í Colorado gekk eftir en þar tryggðu 248 kaupendur sér bílinn með miklum afslætti og það með hjálp frá Nissan America. Hlutirnir virka greinilega ekki eins í Kanada og í Bandaríkjunum.



Nissan Leaf





Kvartmílubrautin

# STÓRBÆTT KVARTMÍLUBRAUT Í KAPELLUHRAUNI

## Notkun brautarinnar hefur aukist mikið eftir að komin er hringakstursbraut og þrír til fjórir viðburðir í hverri viku.

Miklar breytingar hafa orðið á Kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni á síðustu tveimur árum og er nú komin malbikuð hringakstursbraut þar sem gríðarlega gaman er að keyra. Fleira stendur til á svæðinu og í byggingu er sandspyrnubraut og torfærubraut svo innan skamms verður svæðið orðið að akstursdraumasvæði bílaáhugamanna. Allar þessar framkvæmdir kosta sitt og segir Ingólfur Arnarsson, formaður Kvartmíluklúbbsins, að þessar breytingar á brautinni og svæðinu öllu hefðu aldrei komið til framkvæmda nema með stuðningi margra, svo sem verktaka, Hafnarfjarðarbæjar, samningi við Ökukennarafélagið sem notar brautina til æfingaaksturs, og fleiri aðila.

### Margföldun í notkun brautarinnar

Mikil aukin starfsemi er á brautinni nú og 3 til 4 viðburðir í hverri viku sem áfram eru planaðir út haustið, eða eins og veður leyfir. Félögum í Kvartmíluklúbbnum hefur fjölgað gríðarlega og segir Ingólfur að starfsemin hafi tvö- eða þrefaldast á skömmum tíma. Með hringakstursbrautinni hefur útleiga á aðstöðunni aukist og til dæmis hafi Bílabúð Benna og Toyota leigt hana fyrir viðburði á sínum vegum í sumar og víst sé að slíkum viðburðum muni fjölga mjög á næstu árum. Kvartmíluklúbburinn er með stórt og veglegt félagsheimili við brautina og fylgir það slíkri leigu. Hver dagur í leigu á brautinni kostar 300.000 kr. Á hverju ári fara einnig fram á brautinni lokaprófanir á þeim bílum sem ná í úrslit í vali á bíl ársins, sem Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) velur. Engin breyting verður á því í ár og fara prófanirnar fram um næstu helgi á Kvartmílubrautinni.





Bílaumferð í Bandaríkjunum.

# Bandaríkjamenn óku 2,5 billjónir km á sex mánuðum

Í bílalandinu Bandaríkjunum er mikið ekið og vegalengdir langar milli staða. Aldrei hafa Bandaríkjamenn þó ekið meira en í ár og var nýtt met slegið á fyrri helmingi þess. Var aukningin 3,3% frá því í fyrra. Samtals óku Bandaríkjamenn 2,5 trilljónir kílómetra á fyrstu 6 mánuðum ársins, en það samsvarar 500 ferðum til plánetunnar Plútós. Ferðagleði Bandaríkjamanna nú skýrist að einhverju leyti af lágu eldsneytisverði, en meðalverðið á bensíni í landinu er nú 2,2 dollarar á gallonið, en það samsvarar 67,5 krónum á hvern lítra. Það er um þriðjungur bensínsverðs hér á landi. Bensínverð er 15% lægra í Bandaríkjunum í ár en í fyrra.

### Hækkandi flugfargjöld

Annað sem bent er á sem skýringu á auknum akstri er hækkandi flugfargjöld í landinu og að fyrir vikið velji fleiri og fleiri að fara akandi. Akstur bíla náði ákveðinni lægð í kjölfar efnahagskreppunnar árið 2008 en hefur verið stigvaxandi síðan. Skráðir bílar í Bandaríkjunum eru nú 260 milljónir og því var hverjum þeirra ekið 9.777 km á fyrri helmingi ársins. Það samsvarar um 19.500 km akstri á ári. Það er nokkuð mikill akstur á hvern bíl, en algengur meðalakstur hér á landi er 15.000 km á ári.

# Er Tesla Model S P100D örugglega sá sneggsti?

Í síðasta mánuði greindi Tesla frá nýjustu og öflugustu afurð sinni, Tesla Model S P100D með 100 kWh rafhlöðum. Tesla lét þá fullyrðingu með fylgja að þessi bíll væri sneggsti fjöldaframleiddi bíll heims. Margir hafa orðið til þess að draga þá fullyrðingu í efa og fyrir því má færa rök. Það finnast sneggri og jafn snöggir bílar en spurningin er bara um það hvað teljist til fjöldaframleiddra bíla. Oftast er miðað við framleiðslu 25 bíla og á sú skilgreining sér rætur í hvað telst til löglegra bíla í þolaksturskeppni Le Mans í Frakklandi. En þá er rétt að skoða lista þeirra fjöldaframleiddu bíla sem eru sneggri eða jafn snöggir og Teslan.

**Porsche 918**
2,2 sekúndur

**Ariel Atom V8**
2,3 sekúndur

**Ferrari LaFerrari**
2,4 sekúndur

**Bugatti Veyron Super Sport**
2,5 sekúndur

**Bugatti Chiron**
2,5 sekúndur

**Porsche 911 Turbo S**
2,5 sekúndur

**Koenigsegg One:1**
2,5 sekúndur





Porsche 911 Turbo S er framleiddur í fleiri eintökum á ári en Tesla áætlar að framleiða af Model S P100D.

Samkvæmt 25 bíla skilgreiningunni má strax taka út Koenigsegg One:1 en hann hefur verið framleiddur í færri eintökum en 25. Bugatti Veyron Super Sport var framleiddur í 30 eintökum. Ef miðað væri við 500 eintök dytti líka McLaren P1 út og ef miðað væri við 1.000 eintök dyttu allir út nema Porsche 911 Turbo. Hann er framleiddur í um 1.320 eintökum að meðaltali á ári. Það er meiri framleiðsla en Tesla áætlar að framleiða á ári af Tesla Model S P100D bílnum. Það lítur hins vegar ekki vel út fyrir Tesla að segja frá því, en það er ekki bara með þeirri staðreynd sem Tesla hefur farið offari í fullyrðingu sinni, eins og segir frá hér að ofan.

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

TOYOTA ER KOMIÐ Í

# HAUSTGÍRINN

HJÁ ÖLLUM VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM




**Avensis Touring Sports með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, dráttarbeisli, farangursbox og þverbogar. **Verðmæti: 399.000 kr.**

**Avensis Sedan með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, króm á púst, krómlistar á allar hliðar og gluggavindhlífar. **Verðmæti: 322.000 kr.**




**RAV4 2WD dísil eða Hybrid með kaupauka að eigin vali:**
- Ferðaklár með sex manna tjaldi, gasgrilli og fl. í **486.000 kr. ferðapakka.**
- Dráttarklár með kerru og dráttarbeisli í aukahlutapakka að **verðmæti 344.000 kr.**

**Corolla á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**Auris á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**AYGO með 2 ára þjónustupakka:**
Skoðun og smurning í tvö ár!

**Glæsileg sértilboð á haustdögum**
Við setjum í haustgír hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Nú er rétti tíminn til að gera frábær kaup og ná sér í veglegan kaupauka.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Spurðu söluráðgjafa út í haustgíruð sértilboð!

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 80997 08/16



Borgward BX7 jeppinn.

## Borgward krækir í fleiri yfirmenn Benz og Kia

Þýsk-kínverski bílaframleiðandinn Borgward, sem ætlar sér stóra hluti á lúxusbílamarkaðnum, heldur áfram að lokka til sín yfirmenn annarra þekktra bílaframleiðenda, nú síðast frá Mercedes Benz og Kia. Bílahönnuðurinn og Belginn David Napoleon Genot er nú tekinn við hönnunardeild Borgward í Evrópu en hann starfaði hjá Kia og áður hjá SEAT, Audi og Renault. Þjóðverjarnir og verkfræðingarnir Tilo Scweers og Florian Herbold hafa einnig stokkið á vagninn til Borgward frá Mercedes Benz og munu þeir vinna að drifrásum nýrra bíla Borgward. Þessar nýju ráðningar hjá Borgward benda til þess að fyrirtækið ætli inn á evrópskan bílamarkað. Í apríl síðastliðnum kynnti Borgward BX7 jeppa sinn í Kína og er hann með 2,0 lítra forþjöppudrifna vél. Hann hefur nú þegar selst í 4.000 eintökum í Kína að sögn Borgward og bíða 10.000 pantanir í bílinn afgreiðslu. Borgward hefur hins vegar sagt að hefji fyrirtækið markaðssetningu í Evrópu verði það eingöngu með bíla með tengiltvinnaflrás eða með hreinræktaða rafmagnsbíla. Borgward ætlar að kynna minni BX5 jeppling í Kína seinna á þessu ári.



Ökumenn þátttökubílanna frá BL.

## Renault Clio sigraði í sparaksturskeppni FÍB

Renault Clio, fimm manna fólksbíll með 1,5 l dísilvél, sigraði í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu í lok síðasta mánaðar. Bíllinn, sem Sigurður Stefánsson sölumaður hjá BL ók 380 km leið norður til Akureyrar, eyddi aðeins 4,03 lítrum á hverja 100 km og kostaði ferðalagið því aðeins 2.740 krónur. Fleiri bílar frá BL stóðu sig vel. Þannig varð BMW X1, sem Knútur Steinn Kárason vörustjóri hjá BL ók, í öðru sæti í sínum flokki (4D) með eyðslu sem nam 4,96 lítrum á hundraðið og Subaru Outback, með Skúla K. Skúlason framkvæmdastjóra sölusviðs BL undir stýri, í því þriðja með 5,67 lítra eyðslu norður yfir heiðar. Í flokki 5D röðuðu Hyundai Santa Fe og Nissan Navara sér í 1. og 2. sæti, þar sem Santa Fe, með Ragnar Stein Sigþórsson hjá Hyundai í Garðabæ við stjórnvölinn, eyddi 7,1 lítra á hundraðið, og Navara, með Hörð Harðarson sölustjóra undir stýri, fór með 7,6 lítra á hverja 100 km, nokkru minna en Toyota Hilux. Í nokkrum flokkum keppti aðeins einn bíll í hverjum, þar á meðal í 1D þar sem Hyundai i20 keppti. Var hann því sjálfkjörinn sigurvegari í sínum flokki.

# EYESIGHT SUBARU ÖRUGGAST AÐ MATI ADAC

Öryggiskerfi sem byggir á þrívíddarskynjun og greinir á milli bíla, hjóla og gangandi vegfarenda og bregst við hættu.

Félag þýskra bíleigenda (ADAC) birti í vikunni niðurstöður tilrauna á öryggi forvarnarkerfa í sex mismunandi bíltegundum þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að Eyesight í Subaru sýni bestan heildarárangur. Segir dómnefndin að Eyesight bregðist við á árangursríkan hátt, ekki síst þar sem hætta er á ákeyrslu á gangandi vegfarendur, en einnig þar sem hætta er á aftanákeyrslu og þegar aðrar hindranir eru í veginum. Kerfið virki jafn vel að nóttu sem degi og veiti ökumönnum betri aðstoð en öryggiskerfi lúxusbíla.

**Þrívíddarskynjun**

ADAC prófaði öryggiskerfi sex bíltegunda (e. emergency brake assistance systems), bæði í lúxusbílum og hefðbundnum meðalstórum fjölskyldubílum. Sérstaða Eyesight eru tvær myndavélar (í stað einnar) sem greina þrívíða hluti í umhverfinu og senda upplýsingar til tölvu bílsins sem vinnur úr gögnunum og gefur hemlakerfi bílsins fyrirmæli í samræmi við aðsteðjandi hættu í hverju tilviki. Eyesight fékk fullt hús stiga í öllum þremur aðalflokkunum sem tilraunirnar tóku til og býr ekkert kerfi enn sem komið er yfir sömu getu og Eyesight. Það kom t.d. í ljós í prófunum ADAC að þótt tilraunirnar væru gerðar á dökkklæddum vegfarendum, eða að nóttu til þar sem engin götuljós voru til staðar, gat Eyesight brugðist við á jafn árangursríkan hátt og um hábjartan dag.


Eyesight öryggisbúnaðurinn byggir á tveimur myndavélum

**Enn ekki verið þróað betra kerfi**

Í þróun forvarnarkerfa fyrir bíla styðjast bílaframleiðendur almennt við ýmsar gerðir hátæknibúnaðar með skynjurum á borð við myndavél, ratsjá og örbylgjur. Þrátt fyrir það hefur ekki enn komið fram kerfi sem sýnir jafn mikinn árangur og Eyesight gerir og staðfest hefur verið í fjölda tilrauna frá því að Subaru kynnti kerfið til sögunnar. Sérstaða Eyesight er sú að kerfið þekkir mjög vel algengustu fyrirbærin í umferðinni, svo sem nálæga bíla, mannslíkama og önnur fyrirbæri. Eyesight sýnir hámarksárangur við hraða upp að 45 km/klst. en þótt hraðinn sé meiri en það sýnir Eyesight samt mjög góðan árangur sem dregið getur úr líkum á ákeyrslu. Auk ADAC hafa fleiri óháðir aðilar framkvæmt margvíslegar prófanir á Eyesight, svo sem bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS (American Insurance Institute for Highway Safety), sambærilegir aðilar í Japan og víðar. Í öllum tilvikum sýnir sig að ekkert annað kerfi veitir enn sem komið er sambærilega forvörn og Eyesight.


Ford Focus RS.

## Ford Focus RS breyttur af Hennessey er 400 hestöfl

**Ford Focus RS er 350 hestafla tryllitæki sem í leiðinni er fremur lítill bíll. Því er eins og að bera í bakkafullan lækinn að auka afl hans, en það hefur breytingafyrirtækið Hennessey í Bandaríkjunum þó gert og komið honum í 400 hestöfl. Salan á þessum breyttu Focus RS bílum hefst eftir um mánuð og eru bílarnir 4.995 dollurum dýrari en grunngerðin. Þeir sem treysta sér hins vegar til að kaupa eingöngu íhlutina frá Hennessey og sjá um breytinguna sjálfir þurfa að reiða fram 2.995 dollara. Ford Focus RS er fremur ódýr bíll miðað við gríðarlegt afl hans og kostar hann 36.995 dollara vestanhafs, eða innan við 4,4 milljónir króna, en hér á landi selur Brimborg hann á 6.990.000 kr. Hennessey segir að þó svo hámarksaflaukning bílsins sé 50 hestöfl þá sé hún 75 hestöfl á meðalhröðum snúningi vélarinnar og að tog hennar sé þar 80 Nm meira. Þess vegna sé bíllinn talsvert öflugri en grunngerðin og fyrir því finnist.**






The Power to Surprise

## Hæsta einkunn nýrra bíla hjá J.D. Power

Kia er í efsta sæti gæðalista J.D. Power árið 2016. Það þýðir að Kia bílar hafa lægstu bilanatíðni allra bíla. Er þetta í fyrsta skipti í 27 ár sem bílamerki sem ekki telst lúxusbílamerki nær þessum glæsilega árangri. Mikið gleðiefni fyrir okkur og staðfestir það sem við höfum alltaf vitað — að Kia sé traustsins verður.

**Komdu og kynntu þér gæðabíla Kia hjá Öskju, Krókhálsi 11. Prófaðu og láttu sannfærast.**

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




Volvo XC90 var bíll ársins í fyrra.

# 18 í úrslit í vali á bíl ársins

Dómnefnd Bandalags íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) hefur valið þá 18 bíla sem komast í lokaúrtakið fyrir Bíl ársins 2017. Alls komast þrír bílar áfram í hverjum flokki en flokkarnir eru nú sex talsins. Lokaprófanir á þessum bílum mun fara fram á næstunni og því styttist í endanlegt val á bíl ársins hér á landi þetta árið.

Í flokki smábíla og minni millistærðarbíla komast áfram í stafrófsröð Opel Astra, Renault Megane, og Suzuki Baleno. Í flokki millistærðar, stærri fjölskyldubíla og lúxusbíla komast áfram Mercedes-Benz E-lína, Renault Talisman og VW Passat GTE. Í sportbílaflokki komast áfram Ford Focus RS, Lexus RC300h og VW Golf GTI Clubsport.

Í flokki jepplinga komast áfram Honda HRV, Kia Sportage og VW Tiguan. Í flokki jeppa komast áfram Audi Q7 E-Tron, BMW X5 Pug-in Hybrid og Lexus RX450h. Loks er flokkur pallbíla í fyrsta skipti en þar komast áfram Mitsubishi L200, Nissan Navara og Toyota Hilux. Bandalag íslenskra bílablaðamanna hefur opnað nýja heimasíðu í tilefni valsins nú, billarsins.is og þar má sjá myndir af öllum þeim bílum sem nú koma til greina sem bíll ársins.










Mercedes Benz E-Class.

# FLOTT NÝ KYNSLÓÐ MERCEDES BENZ E-CLASS

**Einstaklega vel heppnuð ný kynslóð Mercedes Benz E-Class er komin til landsins og býðst á góðu verði. Háklassa bíll hlaðinn tækninýjungum en umfram allt góður akstursbíll sem eyðir sáralitlu. Í reynsluakstri var eyðslan 4,3 lítrar.**

**MERCEDES BENZ E-CLASS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Það er ávallt fréttnæmt þegar Mercedes Benz kynnir nýja kynslóð af E-Class bíl sínum, en E-Class er nýkominn til landsins og flottari en nokkru sinni fyrr. Það hefur verið sagt um þessa nýju kynslóð bílsins að hann sé litli bróðir flaggskipsins S-Class og það má til sanns vegar færa, því bæði er útlit hans nauðalíkt S-Class og afar fallegt og auk þess er hann hlaðinn tækninýjungum eins og stóri bróðirinn. Það var því með nokkurri eftirvæntingu sem E-Class 220d bíll var sóttur upp í Öskju og við tóku afar ánægjuleg kynni. Það sem strax vakti athygli reynsluökumanns var hve eyðslumælir bílsins sýndi strax lága tölu. Í akstri um Suðurlandið sáust reyndar alveg fáránlegar tölur, eða 4,3 lítrar á hundraðið, og það á bíl sem teljast verður stór. Það skýrist öðru fremur af nýrri 2,0 lítra dísilvél sem virðist afar vel heppnuð og undarlega eyðslugrönn þrátt fyrir ágætt afl, eða 194 hestöfl.

### Með sparsömustu bílum þó stór sé

Með þessari nýju vél er bíllinn 7,3 sekúndur í hundraðið og því er ekki hér um að ræða neinn letingja þó sparsamur sé. Mjög gaman er að gefa honum inn og hröðunin er áhrifamikil þó svo sprengirými þessarar dísilvélar sé ekki mikið. Það var alls ekkert varlega farið með bensínfætinum, en samt eyddi bíllinn nánast engu. Þessi litla eyðsla bílsins sannaðist síðan í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu um daginn þar sem hann sýndi ámóta eyðslu og í reynsluakstrinum á leið sinni til Akureyrar. Hann hjó meira að segja mjög nálægt sigurvegaranum í keppninni, Renault Clio, sem eyddi rétt rúmum 4 lítrum á sömu leið. Eitt er það sem gerir þessa mögnuðu nýju vél svona sparneytna, en það er sú 9 gíra sjálfskipting sem við hana er tengd. Hún tryggir að vélin sé alltaf á réttum snúningi og athyglivert var t.d. að sjá að bíllinn skiptir sér ekki í efsta gír fyrr en mjög djarflega er ekið.

### Mikið rými og glæst innrétting

En bíll er ekki bara vélin og víst er að E-Class hefur margt fram að færa fyrir kaupendur. Fyrir það fyrsta er innréttingin í bílnum hin glæsilegasta. Ekki skemmir fyrir ferlega töff lituð lýsing meðfram svo til öllum bílnum, en mest áberandi undir mælaborði hans. Sætin eru góð þó fyrsta tilfinning hafi verið að þau væru fullstíf. En þau vöndust svo vel að eftir langan akstur þar sem bæði ökumaður og farþegi stóðu kátir upp, voru þau sannarlega tekin í sátt. Aðalmálið þó við innanrými E-Class er hve allt er rúmt og það mun enginn geta kvartað yfir plássleysi, hvar sem þeir sitja í bílnum. Að auki er skottrýmið örlítið stærra en í helstu samkeppnisbílunum BMW 5 og Audi A6. Það sem líklega meira máli skiptir er eru öll þau rúmu geymsluhólf sem eru í framhluta bílsins og er staðsetningu skiptistangarinnar e.t.v. í stýrinu helst að þakka, sem gefur leyfi fyrir heilmikið geymslupláss á milli framsætanna. Ekki er hægt að tala um innréttinguna án þess að minnast á risastórt og hrikalega flott stafrænt mælaborðið sem nær að miðju bílsins.

### Ótrúlega hljóðlátur og á fínu verði

Akstur E-Class er eins ánægjulegur eins og hann getur framast orðið, fjöðrunin er frábær og vel stillt og hann fer ansi fagmannlega í beygjurnar og étur ójöfnur með bestu lyst. Það verður þó ekki sagt að E-Class sé með sportlegustu aksturseiginleikana í þessum stærðarflokki lúxusbíla, en svo virðist sem Benz hafi meira hugsað til þægilegs aksturs en grimmra sporteiginleika. Þannig er líka kaupendahópurinn yfirleitt þenkjandi. Bíllinn er svo hljóðlátur að vart er dæmi um annað eins. Það sem meira er að ökumaður hefur ekki hugmynd um að undir vélarhlífinni er dísilvél. Þar gæti fullt eins verið ekki neitt eða afar hljóðlát lítil bensínvél. Það er því með miklum vilja sem hægri fóturinn fer stundum hratt niður, bara til þess eins að heyra þó aðeins í grimmu urrinu í þessari frábæru dísilvél. Mercedes Benz verður ekki skammað fyrir verðlagninguna á þessum mikla bíl, en E-Class má fá frá 7.810.000 kr. og í 220d útgáfunni frá 7.990.000 kr. BMW 5-línan fæst á 9.590.000 kr. en þar er um að ræða afmælisútgáfu bílsins. Audi A6 fæst frá 7.990.000 með 190 hestafla bensínvél en á 8.190.000 kr. með jafn öflugri dísilvél.



## MERCEDES BENZ

2,0 L DÍSILVÉL, 194 HESTÖFL
Framhjóladrif

**Eyðsla** 4,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 112 g/km $CO_2$

**Hröðun** 7,3 sek.
**Hámarkshraði** 240 km/klst.
**Verð** 7.810.000 kr.
**Umboð** Askja

- Ekki sportlegasti akstursbíllinn í sínum flokki

- Eyðsla
- Fegurð að innan sem utan
- Verð










**GULLFALLEG INNRÉTTING**
Falleg hönnun og vandað efnisval í innréttingu

**ÓVENJULEG UPPSETNING**
á stillingum fyrir framsæti bílsins eins og ávallt hjá Benz


# SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Vitara GLX.**
Skr. 08.2016, sýningarbíll ekinn 2 Þ.KM, bensín, 5 gírar, leður/alcantara, sóllúga, dráttarbeisli o.fl. aukahlutir.
**Verð 4.390.000.**
Rnr.101392.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 05.2012, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000.**
Rnr.100459.



**SUZUKI SX4 GLX.**
Skr. 05.2012, ekinn 92 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.280.000.**
Rnr.101216.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 06.2013, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.101385.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 06.2015, ekinn 41 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.390.000.**
Rnr.101377.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 09.2005, ekinn 175 Þ.KM, bensín, 5 gírar, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.250.000.**
Rnr.101374.



**NISSAN X-Trail Sport.**
Skr. 02.2007, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 1.380.000.**
Rnr.101361.



**HONDA Jazz Elegance.**
Skr. 05.2014, ekinn 46 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.480.000.**
Rnr.101389.



**HONDA Accord Lifestyle.**
Skr. 07.2013, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.350.000.**
Rnr.101283.

SUZUKI

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

# NÝR KIA NIRO FRUMSÝNDUR NÆSTU HELGI

## Sparigrís með tvinntækni sem liggur á milli jepplings og fólksbíls. Mældist með 5,2 lítra eyðslu í sparaksturskeppni FÍB í ágúst. Er glæný bílgerð frá suður-kóreska bílaframleiðandanum KIA.

Kia Niro er nýr bíll frá suður-kóreska bílaframleiðandanum og verður frumsýndur hjá Bílaumboðinu Öskju næstkomandi laugardag, 10. september, kl. 12 til 16. Kia Niro er Hybrid Crossover sem fengið hefur mjög góða dóma erlendis fyrir fallega hönnun og góða aksturseiginleika. Bíllinn er með straumlínulöguðum, skörpum og nútímalegum formlínum. Að framan er Niro með ættareinkenni Kia sem er Tiger nose grillið. Innanrýmið er vel hannað og rúmgott þar sem m.a. er að finna hágljáandi lista, tau/leðursæti í bland og mikið farangursrými.



Kia Niro

### Tvinnbíll sem sigraði í sínum flokki

Kia Niro er búinn Hybrid tækni, knúinn rafmótor og 1,6 lítra bensínvél sem skilar samtals 141 hestafli. Hybrid tæknin stuðlar að enn minni losun $CO_2$. Þá er bíllinn fremstur í flokki minni Hybrid bíla hvað varðar sparneytni. Kia Niro sigraði í sínum flokki í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu á dögunum. Eyðslan var aðeins 5,2 lítrar á hundraðið í akstri frá Reykjavík til Akureyrar. Munur á eyðslu í langkeyrslu og bæjarakstri er sáralítill svo í innanbæjarakstri eyðir hann litlu meira. Kia Niro er vel búinn öllum nýjasta tæknibúnaði og er m.a. með akreinavara og íslensku leiðsögukerfi. Niro er skemmtileg samsetning á Sportswagon bíl og jepplingi. Há seta farþega gerir alla umgengni um bílinn mjög þægilega og útsýni úr bílnum er mjög gott. Nýr Kia Niro er með 7 ára ábyrgð eins og allir nýir Kia-bílar sem er lengsta ábyrgð sem bílaframleiðandi býður upp á í heiminum.

# Audi fagnar 40 ára afmæli fimm strokka vélarinnar

Fyrir einum 40 árum kom Audi fram með óvenjulega vél í Audi 100 bíl sinn, en hún var fimm strokka. Slíkar vélar voru ekki þekktar á meðal annarra bílaframleiðenda, en þó hafði Mercedes Benz smíðað fimm strokka dísilvél árið 1974 í fólksbíla sína og reyndist hún ein áreiðanlegasta dísilvél sem um getur. Fimm strokka vélin frá Audi var fyrsta bensínvélin af slíkri gerð og í upphafi var hún með 2,1 lítra sprengirými og 136 hestöfl. Meiningin hjá Audi var að smíða vél með sparneytni fjögurra strokka vélar en með ámóta afl og úr sex strokka vél. Árið 1978 smíðaði Audi svo 2,0 lítra fimm strokka dísilvél og árið 1979 forþjöppudrifna fimm strokka vél sem skilaði 170 hestöflum og þótti gríðaröflug í þá daga.

### Allt að 720 hestöfl

Þegar kom fram á níunda áratug síðustu aldar hitnaði heldur betur í fimm strokka vélum Audi því slíkar vélar voru settar í keppnisbíla Audi í rallakstri og þar skiluðu þær 450 hestöflum. Bílar vopnaðir þeirri vél og frábæru quattro fjórhjóladrifi Audi unnu hvert rallið á fætur öðru og skiluðu Audi tveimur heimsmeistaratitlum í rallakstri, árin 1982 og 1984. Audi dró sig síðan úr rallakstursmótaröðinni árið 1986, en fimm strokka vélin hélt samt velli í kraftabílum Audi, meðal annars í 598 og 720 hestafla útgáfum í sérhæfðum brekkuklifursbílum. Einn af þekktustu bílum Audi með fimm strokka vél, Audi RS2 Avant, kom svo fyrst á markað árið 1994. Frá 1997 til 2009 varð þó tólf ára hlé á smíði fimm strokka véla hjá Audi, en 2009 kynnti Audi TT RS bílinn með fimm strokka vél sem var 2,5 lítra og 340 hestafla. Audi TT RS er enn með fimm strokka vél, en nú 394 hestafla.


Audi Quattro rallýbíllinn var með fimm strokka vél.





**Mitsubishi ASX 4X4** er litla leynivopnið frá Mitsubishi. Hann býr yfir miklum styrk og aksturseiginleikum sem njóta sín vel bæði á mölinni og malbikinu. Svo er hann líka rúmgóður og tæknilega vel búinn. Gíraðu þig inn á lífið og láttu það leika við þig á nýjum Mitsubishi ASX.

**Mitsubishi ASX** Intense Dísil
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516








**SKARPAR LÍNUR**
**Prius hefur tekið breytingum í útliti með skörpum og hvössum línum**

**ÓVENJULEG GÍRSTÖNG**
**Gírstangarhnúðurinn er með allra óvenjulegasta móti en venst vel.**

**STÍLHREIN INNRÉTTING**
**Mjög jákvæðar breytingar hafa orðið að innan**



# BRAUTRYÐJANDINN BATNAR

## Fjórða kynslóð Prius er bæði mun laglegri og betri akstursbíll en forverinn, þó svo þar fari enginn sportbíll. Áfram sami sparibaukurinn, en nú með stórbættri innréttingu og gríðarvel hljóðeinangraður.

**TOYOTA PRIUS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Tvinnbílar eru orðnir algeng sjón og þá ef til vill helst Toyota Prius, en þó er skrítið til þess að hugsa að Prius kom fyrst fram fyrir nærri 20 árum. Frá 1997 hefur Toyota tekist að selja meira en 5 milljónir Priusbíla um allan heim. Fjórða kynslóð Prius-bílsins kom á markað í fyrra og var þar um stökkbreytingu á bílnum vinsæla að ræða. Fyrir það fyrsta fríkkaði hann talsvert og er nú eins og venjulegur bíll sem ekki stendur út úr fjöldanum líkt og fyrstu tvinnbílar heims gerðu flestir. Aksturseiginleikar hans batna einnig umtalsvert. Hann fær nú miklu straumlínulagaðri línur og meira framhallandi húdd. Prius er enginn smábíll heldur nokkuð stór fjölskyldubíll og hann lengdist milli kynslóða um 6 sentimetra. Það sem meira máli skiptir er að þyngdarpunktur hans lækkar um 2,5 cm og hefur það bætt aksturshæfni hans.

### Allt annar akstursbíll

Með nýjum undirvagni og breyttri efnisnotkun hefur bíllinn stífnað mjög mikið, eða um heil 60% að sögn Toyota. Fyrir því finnst í akstri og er bíllinn allur miklu þéttari. Fjöðrun hans hefur einnig batnað til muna með nýrri fjölliðafjöðrun að aftan. Fjöðrunin hefur einnig stífnað svo um munar og sportlegir eiginleikar því aukist. Innanrými hefur ekki aukist en skottrými umtalsvert. Hestaflafjöldi drifrásar Prius hefur hækkað úr 134 í 136 en þar sem togið er meira er bíllinn fljótari úr sporunum. Meginhugsunin með Prius er samt eftir sem áður lítil eyðsla bílsins og er uppgefin eyðsla hans litlir 3,0 lítrar og $CO_2$ mengun aðeins 70 g/km. Þetta eru athyglisverðar tölur, sem reyndar erfitt er að ná nema við afar vandaðan akstur og bestu aðstæður. Lágur vindstuðull bílsins, sem lækkaði úr 0,25 í 0,24 milli kynslóða á ríkan þátt í lítilli eyðslu hans. Í reynsluakstri tókst reyndar engan veginn að ná þessum tölum. Vélin er 1,8 lítra og rafmótorar bæta svo við aflið, en þeir sækja orku sína við hemlun og í akstri. Þrjár akstursstillingar eru í Prius, Eco, Normal og Sport, og langskemmtilegast er að aka bílnum í Sport-stillingunni þó svo nokkru sé fórnað í eyðslutölunni fyrir vikið. Þeim sem hugsa mest um eyðsluna, sem margir eigendur Prius gera, er best að hafa hann í Eco.

### Mikil bót á innréttingu og mjög hljóðlátur

Innrétting Prius hefur batnað mikið milli kynslóða og ekki ber eins mikið á fátæklega útlítandi plasti. Mælaborðið er orðið bæði framúrstefnulegt og laglegt en þó er hvítur miðjustokkurinn á milli framsætanna, sem er úr plasti, enn til marks um fremur fátæklega efnisnotkun og var alls ekki til að gleðja reynsluökumann. Gírstangarhnúðurinn er óvenjulegur og ökumenn þurfa að venjast virkni hans, en það gerist þó fljótt og venst ágætlega. Ein stærsta breytingin með þessari nýju kynslóð Prius er hve hljóðlátur hann er orðinn. Í fyrri kynslóð bar mikið á vélarhljóði og vind- og veghljóði, en nú er það hreinlega úr sögunni og bíllinn því greinilega afar vel hljóðeinangraður. Eykur það mjög á akstursgleðina. Sætin í Prius eru eftirtakanlega góð og þau eru í þessari nýju kynslóð 5,5 cm lægri í bílnum og fyrir vikið finnst ökumanni hann sitja í normal fólksbíl, en í forveranum var líkt og setið væri í jepplingi eða strumpastrætó.

### Hófstillt verð en sprengir ekki gleðiskalann í akstri

Með nýrri kynslóð Prius mun Toyota tryggja áfram ágæta sölu þessa bíls sem ruddi brautina í tvinnbílum. Hann er þó kominn með marga keppinauta og það helst í formi tengiltvinnbíla. Þó svo Toyota Prius hafi tekið stórtækum framförum eru margir keppinautar hans mun betri akstursbílar og auk þess margir mun öflugri og fegurri. Það er þó ávallt hægt að fullyrða að kaupendur Toyota Prius og reyndar allra Toyota-bíla geta glatt sig við lága bilanatíðni og hlakkað til endursölu þeirra, því þeir halda ávallt háu endursöluverði. Toyota Prius er á ágætu verði og fæst frá 4.450.000 kr. og með því fæst fremur stór fjölskyldubíll sem eyðir litlu, en veitir ef til vill ekki mikla akstursgleði þó þar hafi hann bætt sig mikið.

## TOYOTA PRIUS

**1,8 L BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR, 136 HESTÖFL**
Framhjóladrif
**Eyðsla** 3,0 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 70 g/km $CO_2$
**Hröðun** 10,6 sek.
**Hámarkshraði** 180 km/klst.
**Verð** 4.450.000 kr.
**Umboð** Toyota

- Enn ekki sportlegur í akstri
- Útlit

- Eyðsla
- Rými
- Hljóðeinangrun
- Verð

## *Stærsti* og *öflugasti* dísiljeppinn í sínum flokki



# NÝR FORD **EDGE AWD**

## Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

**Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseiginleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

## FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta dísiljeppann Ford Edge AWD**

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Lamborghini ætlar að tvöfalda heildarsöluna með Urus

**Lamborghini framleiddi ekki nema 3.245 bíla í fyrra, en stefnir á að tvöfalda heildarsöluna með tilkomu nýs jeppa síns, Urus. Stefnan er nefnilega að framleiða um 3.500 Urus-jeppa á ári og að heildarsalan verði komin í 7.000 bíla árið 2019. Vel þarf að ganga að selja Urus-jeppann til að svo verði, en hann mun kosta 200.000 dollara stykkið. Það er næstum tvöföld sú upphæð sem 520 hestafla Porsche Cayenne Turbo kostar. Næg eftirspurn virðist þó vera eftir ofurdýrum jeppum frá flottustu bílamerkjum heims og hefur t.d. Bentley Bentayga rokið út þrátt fyrir himinhátt verð. Lamborghini tilheyrir Volkswagen-bílafjölskyldunni og því fær Urus uppfærða 4,0 lítra V8 vél frá Audi sem með breytingum verður öflugri en 600 hestafla vélin í Bentley Bentayga. Með henni á jeppinn að verða sneggri en 4 sekúndur í 100 km hraða. Meiningin er svo að árið 2020 komi Urus í tengiltvinnútgáfu og ætti hann að geta orðið enn öflugri með því að bæta rafmótorum við aflið.**





Team Spark liðið.

## Vænghönnun Team Spark vekur athygli

Það þarf líklega mikið til að heilla fræga vænghönnuði úr Formúlu 1 eins og Willem Toet, en hann sá sig knúinn til að skrifa stóra grein á LinkedIn eftir að hafa hitt íslenska Team Spark liðið á dögunum. Þar segir Willem að meira að segja sérfræðingar eins og hann geti lært af stúdentaliðunum í Formúlunni. Það var þó aðallega einn hönnuður sem vakti athygli hans en það er Sólrún Traustadóttir sem sá um að þróa framleiðslu vænghluta bílsins. Beitti hún í samstarfi við Össur hf. nýrri aðferð við smíði vængsins þar sem teflonlag er notað við steypuna á koltrefjaskelinni. Nánari útskýringar á fræðinni bak við smíðina má finna í grein Willems en það er aldrei að vita nema vænghönnuðir í Formúlu 1 taki sér íslensku aðferðina til fyrirmyndar.



Lexus IS.

## Milljón af Lexus IS seld

Lexus IS bíllinn hefur nú selst í einni milljón eintaka en hann kom fyrst á markað fyrir 17 árum og var sérstaklega hannaður til að höfða til evrópskra bílkaupenda. Honum var frá upphafi att gegn BMW 3-línunni og Mercedes Benz C-Class. Fyrsta kynslóð hans var með 150 hestafla 2,0 lítra og 6 strokka vél en síðar meir með allt að 3,0 lítra vél og var hún t.d. í SportCross útfærslu bílsins sem markaði þau tímamót hjá Lexus að vera fyrsti langbakurinn frá þessari lúxusbíladeild Toyota. Bíllinn er nú af þriðju kynslóð en önnur kynslóð bílsins sem kynnt var árið 2004 var í boði með dísilvél á sumum mörkuðum og í kjölfarið kom svo IS F með 420 hestafla V8 vél og líka var þá IS í boði sem blæjubíll. Lexus IS er nú seldur á 70 mörkuðum um allan heim og selur Lexus nú um 6.000 slíka bíla í hverjum mánuði. Það mun því taka Lexus um 14 ár að komast í tvær milljónir seldra eintaka af þessum vinsæla lúxusbíl.





Stærðir 36-56
FRÁBÆRT ÚRVAL!
Full búð af fallegum haustvörum í stærðunum 36-56
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BLÚSSA 6.990kr st. 42-56
KJÓLL 7.990kr st. 42-56
BLÚSSA 7.990kr st. 42-56
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. 42-56
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 8.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
Einnig til í svörtu, fjólubláu og bláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Einnig til í svörtu, rauðu og bláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Toyota Kauptúni



TOYOTA Gt86 coupé sport. Árgerð 2014, ekinn 12 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.370.000 Tilboð 4.190.000. Rnr.990094.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



**7 MANNA NISSAN QASHQAI**

NISSAN Qashqai+2 se 4x4. Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.214402.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



FORD Transit custom. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, beinskiptur. Nýr bíll. Verð án Vsk 3.380.000. Rnr.210835. Seljandi skoðar skipti.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

BORGARBÍLASALAN 580 8900 • borgarbilasalan.is



**MOLINN**

TOYOTA Land cruiser 150 GX Árgerð 2014, ekinn 59 Þ.KM LEÐUR BESTA VERÐIÐ 7.990.000. Rnr.451406.sími 6952015



**SPARÍGRÍSINN**

HYUNDAI I10 comfort Árgerð 2016, ekinn 29 Þ.KM BESTA Verð 1.660.000. MÖGULEIKI Á 100 % LÁNI Rnr.451962.6952015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Land cruiser 100 vx. Árgerð 2005, ekinn 330 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000 bíll í góðu ástandi. Rnr.115393.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

### Bílar til sölu



VW Passat Highline 2011, 83þ km. Sjálfsk., bensín og metan. Krókur, Webasto, vel búinn bíll. Topp viðhald. Lítur út eins og nýr. Verð 2.590þ, uppl. 899-0410

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

### Fornbílar



Grand Prix 1977, gangfær en þarfnast viðhalds. Ásett verð 1,5 m. Uppl. s: 893-1863



Pontiac GTO 1966, nýskoðaður og got eintak. Ásett verð 6 millj. Uppl.s: 893-1863

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


## ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft




# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímapantanir í Síma 771 2117.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



Yamaha píanó, eins og nýtt til sölu ásett verð 350.þ skoða önnur tilboð s: 893-1863



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**
HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Herb. eða studio íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707 & verk@verksjon.is

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**FULLT STARF OG HLUTASTARF Í SÚRDEIGSGERÐINNI**
Súrdeigsgerðin í Lindum Kópavogi óskar eftir starfsmanni í 100% starf við afgreiðslu frá 11:30-19:30 alla virka daga og starfsmanni í afleysingar.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á surdeigsgerdin@surdeigsgerdin.is

BEST OF ICELAND
SOUVENIRS & STUFF

Best of Iceland, Aðalstræti. Leitar að framtíðarstarfsmanni aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að tala íslensku og ensku, 18 ára eða eldri, reyklaus með hreint sakavottorð og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn á telma@kvosin.is fyrir 13. September.

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Föst laun og árangurstengd í boði. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

Gæðastál ehf leitar að vélvirkja/járnsmið í fjölbreytt verkefni. Allar uppl í s:699-6867 eða gummivald@gmail.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Guðrúnargata 1, jarðhæð**
**Opið hús í dag þriðjudag 6. sept. frá kl.17:30-18:00.**




Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög góða 74,5 fermetra jarðhæð í góðu þríbýli við Guðrúnargötu 1 í Norðurmýrinni í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu ásamt hefðbundinni sameign. **Verð: 33,9 millj.** Húsið var tekið í gegn að utan 2015. **Eignin er laus strax.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Til sölu veitingastaður og húsnæði í Hafnarfirði**

Um er að ræða sölu á rekstri, tækjum og eigið húsnæði ofl. 325 fm.Staðurinn er frábærlega vel staðsettur í bænum og tekur um 100 manns í sæti.
Alvöru eldhús og veitingasalur. Í dag er staðurinn í góðum rekstri og býður uppá mikla möguleika.
Góð aðkoma, sérlóð og malbikuð bílastæði. Hörku fjárfesting.

**Nánari uppl. veitir Helgi Jón Harðarson sölustj. s. 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## Merkisatburðir

**1914** Benedikt G. Waage syndir fyrstur manna úr Viðey til lands.
**1936** Enski línuveiðarinn Trocadero strandar á Járngerðarstaðafjörum við Grindavík. Slysavarnadeildin Þorbjörn bjargar áhöfninni, 14 manns, með fluglínutækjum.
**1944** Tveir mjólkurbílar falla í Ölfusá er annar burðarstrengur brúarinnar slitnar undan þunga þeirra. Báðir bílstjórarnir bjargast.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**John Earl Kort Hill**

fv. rannsóknarlögreglumaður

lést föstudaginn 2. september
á Landspítalanum í Fossvogi.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 16. september kl. 13.00.

**Jónsvein Joensen** | **Mary Joensen**
**Guðný Hafdís Hill**
**Sigrún Erla Hill** | **Ævar Örn Jónsson**
**Laufey Svala Hill** | **Hans Ingi Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Ágúst Geir Korneliusson**

Hraunbæ 132, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 18. ágúst
síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hins látna. Fjölskyldan þakkar auðsýnda
samúð og vinarhug.

**Gullý Bára Kristbjörnsdóttir**
**Guðrún Bára Ágústsdóttir** | **Þórarinn M. Þorbjörnsson**
**Halldóra Björk Þórarinsdóttir** | **Gunnar A. Ásgeirsson**
**Lilja Rut Þórarinsdóttir** | **Andri Freyr Óskarsson**
**og langafabörn.**



Hjartans þakkir til vina og
vandamanna og allra þeirra sem
sýndu okkur samúð, vináttu
og hlýhug við andlát og útför

**Aðalbergs Péturssonar**

sem lést á Dalbæ 15. ágúst sl.
Bestu þakkir til starfsfólks Dalbæjar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurlaug Friðgeirsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, sonur og bróðir,

**Steinþór Baldursson**

framkvæmdastjóri,
Hlíðarhjalla 26,
Kópavogi,

lést á líknardeild LSH 28. ágúst 2016.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi
miðvikudaginn 7. september nk. Athöfnin hefst kl. 13.

**Claire Bilton**
**Briet Steinþórsdóttir**
**Felix Steinþórsson**
**Lotta Steinþórsdóttir**
**Arndís Ármann Steinþórsdóttir**
**Baldur Þór Baldvinsson**
**Unnur Baldursdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**Frá afhendingu viðurkenninganna. Karen E. Halldórsdóttir, Daði Harðarson, Kristín Þorkelsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Ármann Kr. Ólafsson og Auður Sigrúnardóttir.**

# Kópavogsbær útnefnir heiðurs- og bæjarlistamenn

## Kristín Þorkelsdóttir, myndlistarmaður og hönnuður, var útnefnd heiðurslistamaður Kópavogs og Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari bæjarlistamaður næsta árið.

Ég hef ekki sóst eftir þessari vegtyllu,“ segir Kristín Þorkelsdóttir, myndlistarkona og hönnuður, sem var valin heiðurslistamaður Kópavogs nýlega. Auk þess að mála vatnslitamyndir frá 1984 starfaði hún við grafíska hönnun í áratugi, hannaði vegabréfið og fjöldann allan af vöruumbúðum, bókakápum og merkjum.

Eitt af því sem eftir Kristínu liggur er hönnun allra núgildandi peningaseðla Íslands. Þá tók hún að hanna 1981, ásamt Stephen A. Fairbairn. Spurð af hvaða seðli hún sé stoltust svarar hún kankvís: „Þeir eru nú margir góðir, skal ég segja þér. Mér þykir afskaplega vænt um 10 þúsund króna seðilinn og 50 króna seðillinn með Guðbrandsbiblíu var ákaflega fallegur og líka hundrað kallinn með handritunum en þeir hafa báðir verið lagðir til hliðar.“

Fyrir fjórum árum kveðst Kristín hafa fengið blóðtappa og lamast á vinstri útlimum en hamast við að endurhæfa sig með aðstoð fagfólks og fleiri. „Ég hef málað öll sumrin frá því þetta gerðist. Þá er ég að njóta lífsins með málverkinu úti í garði og hef afskaplega góðan karl sem passar upp á mig.“

Það eru vatnslitirnir sem Kristín fæst við. Síðast sýning hennar var portrettsýning í Listasafni Mosfellsbæjar á síðasta ári, hún hét Ásýnd samferðamanna á lífsfleyinu. „Þar voru myndir eiginlega frá ævilengd minni sem er orðin allnokkur. Ég hef alltaf haft vissa þörf fyrir að teikna þá sem í kringum mig hafa verið.“

Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari verður bæjarlistamaður Kópavogs næsta árið. Hann hefur gefið út tvær sólóplötur, leikið inn á hátt í 100 hljómplötur og hefur einnig verið tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir eigin tónsmíðar.

Ásgeir hefur lagt rækt við flutning Balkantónlistar. Hann mun í haust heimsækja alla skóla Kópavogs og flytja tónlist frá Balkanskaga ásamt félögum sínum enda tilgangur með vali á bæjarlistamanni að fá öflugan listamann til að sinna menningarfræðslu í Kópavogi í samstarfi við Menningarhús Kópavogs.

**gun@frettabladid.is**



Elskaður eiginmaður minn,

**Svanur Pálsson**

tölvunarfræðingur,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju
föstudaginn 9. september kl. 13.00.

**Guðný Þorsteinsdóttir og fjölskyldur.**



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Guðmundur Hraunberg Egilsson**

Bolungarvík, er látinn. Útför hans
fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík
laugardaginn 10. september
kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim
sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Hólskirkju,
reikningsnúmer: 0174-18-911908, kt. 630169-5269.

**Helga Svana Ólafsdóttir og börn**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Ólafía Jónsdóttir**

arkitekt,
Bergstaðastræti 81, Reykjavík ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
2. september. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni
föstudaginn 16. september kl. 13. Þeir sem vilja minnast
hennar vinsamlega láti Þingeyrakirkju njóta þess.
Reikningsnr. 307-13-785, kt. 710269-3439.

**Hulda Sigríður Jeppesen** | **Guðmundur J. Stefánsson**
**Anna Salka Knútsdóttir Jeppesen** | **Þórir Ríkharðsson**
**Stefán Jón Knútsson Jeppesen** | **Bára Magnúsdóttir**
**Páll Jakob Lindal** | **Sigurlaug Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




# UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

Sportpakkinn inniheldur: **Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.**

2 SPORT

*Sportpakkinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótbolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, frjálsar og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*

***Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.***

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.

Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðanátt í morgun, víða 8-13 m/s. Dálítil rigning fyrir norðan og austan, en léttir til sunnanlands. Hægari norðlæg átt síðdegis og úrkomulítið. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast syðst.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 10° |
| ↖10 | ↖4 | ↑1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 6° |
| ↑4 | ←3 | ↑8 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 8° | 12° |
| ↖8 | ↖5 | ↑6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 11° | 6° |
| ↖7 | ←5 | ↑12 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. andlegt áfall
6. frá
8. pota
9. stjórnpallur
11. tveir eins
12. stefna
14. eyðimörk
16. í röð
17. niður
18. ennþá
20. í röð
21. velta

**LÓÐRÉTT**
1. plat
3. tveir eins
4. við og við
5. þvottur
7. freðinn
10. spreia
13. þangað til
15. dugnaður
16. húðpoki
19. nudd

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lost, 6. af, 8. ota, 9. brú, 11. uu, 12. boðun, 14. sandi, 16. hi, 17. suð, 18. enn, 20. mn, 21. snúa. **LÓÐRÉTT:** 1. gabb, 3. oo, 4. stundum, 5. tau, 7. frosinn, 10. úða, 13. uns, 15. iðni, 16. hes, 19. nú.

## Skák Gunnar Björnsson



Hjörvar Steinn Grétarsson (2.547) átti leik gegn færeyska alþjóðlega meistaranum John Rödgaard (2.345) í fjórðu umferð Ólympíuskákmótsins í gær.

**Hvítur á leik**

**26. Rxf7! Kxf7 27. Bxb4 Db6 28. a5! Dxb4 29. Dxe6+ Ke8 39. Df7+ Kd7 31. Bf5! Dxd4 32. De6#.** Stórsigur, 3½ -½ vannst á Færeyingum. Stelpurnar stálu hins vegar senunni með glæsilegum 2½-1½ á Moldóvu.

**www.skak.is:** Fimmta umferð kl. 11.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LG
Life's Good

# KYNNINGARTILBOÐ



**LG UH668V**
Smart IPS LED sjónvarp. HDR Pro. UHD 4K 3850 x 2160 upplausn. UHD Mastering Engine – 4K uppskölun. Real Cinema 24p. 20W ULTRA surround harman/kardon hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 2x USB 2.0 og 3 HDMI tengi. USB upptökumöguleiki. App fyrir síma og spjaldtölvur. Magic Remote fylgir.

1700Hz PMI 55"
**179.990**
VERÐ ÁÐUR **249.990**

1700Hz PMI 65"
**279.990**
VERÐ ÁÐUR **379.990**

# GLÆNÝ VÖRULÍNA FRÁ LG
## Á SÉRSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI

Hágæða HDR PRO Ultra HD sjónvörp með harman/kardon hljóðkerfi. Ekki missa af frábærum sjónvörpum á ótrúlegu verði.



1200Hz PMI 43"
**109.990**
VERÐ ÁÐUR **149.990**

1200Hz PMI 49"
**139.990**
VERÐ ÁÐUR **199.990**

LED | 4K Upscaler | Magic Remote | webOS 3.0 | harman/kardon | NETFLIX 4K

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG
Life's Good

# Grátbrosleg örlög Djöflaeyjunnar

**LEIKHÚS**

**Söngleikurinn Djöflaeyjan**
★★★☆☆

**Byggt á skáldsögum eftir Einar Kárason**

**Þjóðleikhúsið í samstarfi við Baltasar Kormák**

**Handrit:** Atli Rafn Sigurðarson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og leikhópurinn
**Leikstjórn:** Atli Rafn Sigurðarson
**Leikarar:** Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Eggert Þorleifsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Þórir Sæmundsson, Arnmundur Ernst Backman, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Hallgrímur Ólafsson, Baltasar Breki Samper, Birgitta Birgisdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Gunnar Jónsson (Gussi), Snæfríður Ingvarsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson
**Söngtextar:** Bragi Valdimarsson og fleiri
**Tónlist:** Memfismafían
**Leikmynd:** Vytautas Narbutas
**Búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson
**Sviðshreyfingar:** Margrét Bjarnadóttir

Leikhúsáhorfendur snúa aftur á Djöflaeyjuna en ný leikgerð var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn sunnudag, eftir ansi langt ferðalag upp á svið. Atli Rafn Sigurðarson leikstýrir og hefur fengið Memfismafíuna í lið með sér til að endurnýja kynni okkar við fólkið í Thulekampnum.

Persónugallerí Einars Kárasonar er óumdeilanlega eftirminnilegt og þarf varla að kynna fyrir neinum en sagan hverfist um þroskasögu þeirra hálfbræðra Badda og Danna. Badda leikur Þórir Sæmundsson af miklum krafti og söngrödd hans er frambærileg. Gallinn er sá að áhorfendur verða að trúa því að Baddi sé draumadrengurinn, vonarljósið og aðaltöffarinn. Í þessari sýningu er hann gúmmítöffari og gallagripur frá byrjun. Aftur á móti er nálgun Arnmundar Ernsts Backman öll afslappaðri og á endanum áhrifaríkari. Svo er söngrödd hans algjörlega dásamleg.

Leikkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir, sem leikur Dollí, á framtíðina fyrir sér en hún heldur áfram að sýna þróttmikla takta á sviði Þjóðleikhússins og hefur flotta söngrödd. Eggert Þorleifsson og Guðrún Gísladóttir fara með hlutverk hjónanna Tomma og Línu spákonu. Guðrún lendir fljótlega í vandræðum vegna þess að erfitt er að skilja af hverju Línu þykir svona vænt um Badda en Eggert er sem tilfinningalegt akkeri í sýningunni, nærgætinn í sinni túlkun og einlægur.



Guðrún Gísladóttir og Þórir Sæmundsson í hlutverkum sínum í Djöflaeyjunni sem var frumsýnd á laugardagskvöldið í Þjóðleikhúsinu.

Edda Björg Eyjólfsdóttir fer með hlutverk Gógóar sem getur ekki hætt að giftast hermönnum. Hún á bráðfyndna spretti en grínið heftir dramatískari túlkun á konu sem er alltaf á flótta. Svipaða sögu má segja um Guðjón Davíð Karlsson sem fer með nokkur hlutverk í sýningunni. Þó er Dóri tré í leik hans hin besta skemmtun en um leið og skipt er í alvarlegri augnablik týnast dramatískar útfærslur í fjörinu.

Ólukkukonan Þorgunnur, leikin af Birgittu Birgisdóttur, sem og kúluvarparinn Hreggviður Barðason, í leik Gunnars Jónssonar, ráfa um sviðið á milli atriða eins og uppfyllingarefni frekar en aukapersónur með innra líf. Slíkt hið sama gerist með Gerði Hreggviðsdóttur sem verður einfeldningsleg þrátt fyrir ágætis tilburði hinnar nýútskrifuðu Snæfríðar Ingvarsdóttur.

Eðlismunur er á söngleik og leikriti með lögum, Djöflaeyjan fellur í þá gryfju að vera í raun og veru allt í senn. Bragi Valdimar Skúlason er mikill hæfileikamaður sem heyrist í laginu Svona er lífið þar sem ástarsamband Dóra trés og Dollíar blómstrar og deyr. En einnig stendur Orðin mín, í tveimur mismunandi útgáfum, upp úr. Stór hópur er skrifaður fyrir handritinu en Atli Rafn og Melkorka Tekla Ólafsdóttir hafa yfirumsjón með textanum. Þetta er hluti af vandamálinu: Þræðirnir eru of margir, stefnan aldrei nægilega skýr og niðurstaðan samansafn af alls konar atriðum frekar en afdráttarlaus túlkun á þessari frægu sögu.

Atli Rafn Sigurðarson hefði þurft að bæði stytta senur og taka ákvarðanir um stefnu en hugmyndaauðgi sýningarnar sligar bæði takt hennar og kraft. Oft á tíðum tala leikararnir beint út í sal frekar en hver við annan, þetta er óheppileg nálgun því á sama tíma slaknar á allri spennu milli einstakl-



inga. Áhorfendur ná aldrei almennilegu tilfinningalegu sambandi við þetta ólukkufólk.

Leikmynd Vytautas Narbutas er þungamiðja sýningarinnar og þung er hún. Bragganum hefur verið snúið á hvolf, hús fjölskyldunnar horfið og leikararnir týnast í tóminu. Hvað tæknilegu hliðina varðar þá er hljómsveitinni komið skemmtilega fyrir aftast á sviðinu en af hvaða ástæðum notuðu persónur verksins nútímahljóðnema í söngatriðunum sem pössuðu engan veginn í sýninguna? Búningar Filippíu I. Elísdóttur hafa oft verið betri og tískan flakkar hressilega á milli tímabila. Danshreyfingar Margrétar Bjarnadóttur hefðu mátt vera meira afgerandi en þær fengu frekar lítið pláss á sviði vegna leikmyndarinnar.

Djöflaeyjan svífur hæst þegar hún fær frið til að dafna og leikararnir tækifæri til að vera einlægir. En daprast um leið og hugmyndirnar fara að hlaðast á framvinduna. Síðustu senurnar hreinlega fjara út frekar en að fara á flug. Ungu leikararnir fá að njóta sín en ekki sýningin í þunglamalegri framsetningu.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Djöflaeyjan heldur sér á floti með ágætri frammistöðu og flottri tónlist.



**Guðrún Olsen og Tinna Ingvarsdóttir halda öðruvísi myndlistarnámskeið fyrir krakka með myndlistarsögulegu ívafi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krakkar læra um merk verk

Guðrún Olsen, mag.art í grafískri hönnun, og Tinna Ingvarsdóttir myndlistakennari bjóða upp á nýtt námskeið í myndlist, Krakkamyndlist, fyrir krakka á aldrinum sex til átta ára á höfuðborgarsvæðinu.

Á námskeiðinu kynna Guðrún og Tinna fyrir krökkum brot úr myndlist 20. aldar. „Við tökum fyrir eitt þekkt verk í hverjum tíma. Við skoðum verkið og ræðum það og svo vinna krakkarnir sitt eigið verk út frá skilningi sínum,“ segir Guðrún og segir myndlistarnámskeiðið með listasögulegu ívafi. „Við viljum opna fyrir nútímalist og hugmyndafræði sem liggur að baki verkunum,“ segir hún frá.

Tinna er myndlistarkennari og Guðrún er mag.art í grafískri hönnun. Þegar námskeiðinu lýkur halda krakkarnir sýningu á afrakstri sínum. Tinna og Guðrún halda úti Facebook-síðunni Krakkamyndlist um námskeiðið sem hefst þann 10. september. **– kbg**

**VIÐ VILJUM OPNA FYRIR NÚTÍMALIST OG HUGMYNDAFRÆÐI SEM LIGGUR AÐ BAKI VERKUNUM.**

# Carsten Jensen á fyrsta höfundakvöldi Norræna hússins í haust

„Carsten Jensen er rithöfundur og blaðamaður sem hefur svipaða stöðu í Danmörku og Hallgrímur Helgason hér. Hann tekur opinbera afstöðu í samfélagsumræðunni,“ segir Sigurður Ólafsson, verkefnastjóri í Norræna húsinu, þegar hann kynnir til leiks Carsten Jensen sem fyrsta gest haustsins á höfundakvöldi Norræna hússins í kvöld. Þar ætlar Sigurður að spjalla við Jensen, enda kveðst hann hafa kynnt sér verk hans og verið í sambandi við hann í aðdraganda þessa kvölds, auk þess sem hann hafi búið í Danmörku og fylgst þar með honum í fjölmiðlum. „Ég hlakka til að hitta Jensen. Við höfum oft talað saman að undanförnu og ætlum að einbeita okkur mest að þremur síðustu bókunum hans, sérstaklega þeirri síðustu, Den første sten, sem kom út í fyrra, saga um hvaða áhrif stríð hefur á manneskju sem þarf stöðugt að óttast um líf sitt, vináttu, svik og hörmungar. Jensen er gagnrýninn á stríðsþátttöku Dana og hefur frá mörgu að segja. Ég vona að margir komi að hlusta á hann.“

Samtalið byrjar klukkan 19.30, það fer fram á skandinavísku. Frítt er inn og allir velkomnir. **– gun**



**Carsten Jensen er rithöfundur, blaðamaður og samfélagsrýnir.** NORDICPHOTOS/GETTY

**JENSEN ER GAGNRÝNINN Á STRÍÐSÞÁTTTÖKU DANA OG HEFUR FRÁ MÖRGU AÐ SEGJA. ÉG VONA AÐ MARGIR KOMI AÐ HLUSTA Á HANN.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 163978






| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30 |
| WAR DOGS VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 - 10:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 10:20 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| BEN-HUR | KL. 8 - 10:30 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WAR DOGS | 8, 10:25 |
| NÍU LÍF | 6 |
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| SAUSAGE PARTY | 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL TAL | 6 |
| JASON BOURNE | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. SEPTEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Camus kvartett á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Á jazzkvöldi Kex Hostels í kvöld kemur Camus kvartettinn fram en hann skipa þeir Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Rögnvaldur Borgþórsson á gítar, Birgir Steinn Theodórsson á bassa og Óskar Kjartansson á trommur. Kvartettinn hefur verið starfandi í rúmlega ár. Á efnisskránni eru meðal annars lög eftir Miles Davis, Wayne Shorter, Herbie Hancock og Thelonious Monk. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Jazz-víbrafónleikarinn Ted Piltzecker
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg
Með bandaríska víbrafónleikaranum Ted Piltzecker leika Ólafur Jónsson á tenórsaxófón, Guðmundur Pétursson á gítar, Gunnar Hrafnsson á bassa og Scott McLemore á trommur. Aðgangseyrir er 2.000 krónur. Athugið að ekki er posi á staðnum.

**Hvað?** Brian Wilson flytur Pet Sounds
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Brian Wilson stígur á svið í Hörpu í kvöld og flytur hina vinsælu plötu Pet Sounds. Verða Al Jardine og Blondie Chaplin sérstakir gestir. Miðasala á harpa.is.

**Hvað?** Hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg
Í dag verða fyrstu hádegistónleikar vetrarins haldnir í Hafnarborg. Að þessu sinni er það mezzosópraninn Elsa Waage sem ríður á vaðið og kemur fram ásamt Antóníu Hevesi píanóleikara. Yfirskrift tónleikanna er La diva – la donna sem útleggst á íslensku sem Dívan – konan en á efnisskrá eru verk á borð við Vilja-Lied úr Kátu ekkjunni eftir F. Lehár, Habanera úr óperunni Carmen eftir Bizet og La vie en rose sem franska söngkonan Edit Piaf gerði ódauðlegt ásamt fleiri þekktum verkum. Hádegistónleikar Hafnarborgar eru haldnir mánaðarlega. Þeir hefjast kl. 12 og standa yfir í um hálfa klukkustund, þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Óreglu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Fyrsta plata sveitarinnar Óreglu, Þröskuldur góðra vona, leit dagsins ljós í sumar og er blásið til útgáfutónleika í kvöld í tilefni þess. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**Hvað?** Dj Byssukisi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi 22
Dj Byssukisi heldur uppi stuðinu á Bravó í kvöld. Aðgangur er ókeypis.



Brian Wilson verður í Hörpu í kvöld þar sem hann flytur lögin af hinni geysivinsælu plötu Pet Sounds.

> **OKKUR FINNST GAMAN AÐ HALDA ÁFRAM ÞVÍ TÓNLIST OKKAR GERIR FÓLK HAMINGJUSAMT.**
> Brian Wilson í viðtali við Fréttablaðið 1. september.

### EKKI MISSA AF

**Elsa Waage ríður á vaðið á fyrstu hádegistónleikum vetrarins í Hafnarborg í dag og kemur ásamt Antóníu Hevesi píanóleikara.**



### Fundir og erindi

**Hvað?** Upplýsingafundur Norræna menningarsjóðsins
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listasafninu á Akureyri
Í dag heldur Norræni menningarsjóðurinn upplýsingafund í Ketilshúsi. Þar fer Ása Richardsdóttir, fyrrverandi forseti Leiklistarsambands Íslands og sendiherra Norræna menningarsjóðsins, yfir norræna sjóðakerfið og möguleika á samstarfi og tengingum. Til að sækja um í sjóðunum þarf verkefnið að hafa sterka norræna tengingu. Norðurlöndin reka saman öflugt sjóðakerfi fyrir listir og menningu, en stærstu sjóðirnir eru Norræni menningarsjóðurinn og Norræna menningargáttin. Allir velkomnir.

**Hvað?** Kúnstin að nærast á 21. öldinni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Í sal Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8
Kúnstin að nærast á 21. öldinni er yfirskrift erinda sem haldin verða í kvöld á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Lára G. Sigurðardóttir, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Guðmundur F. Jóhannsson og Lukka í Happi munu öll taka til máls. Aðgangur er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Gestagangur: Gabriela Sánchez y Sánchez de la Barquera
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, fyrirlestrarsalur A, Þverholti 11
Í dag heldur Gabriela Sánchez y Sánchez de la Barquera fyrirlesturinn Identity in Creativity í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands, Gestagangi. Í fyrirlestrinum segir Gabriela frá starfi sínu, reynslu sinni í Mexíkó og námi við Design Academy Eindhoven. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Næring og heilsa
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Ásdís grasalæknir stendur fyrir námskeiði þar sem farið er yfir grunnatriði til að betrumbæta mataræði á einfaldan og öfgalausan hátt. Þátttökugjald er 4.900 krónur. Skráning á asdis@grasalaeknir.is. Allir velkomnir.

**Hvað?** Författerkvall: Carsten Jensen
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Í kvöld er boðið upp á höfundarkvöld með Carsten Jensen, rithöfundi, blaðamanni og samfélagsrýni. Norræna húsið hefur síðastliðið ár staðið fyrir mánaðarlegum höfundarkvöldum. Í kvöld verða umræður á skandinavísku. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla Borg
Vinkonurnar Svanlaug Kjartansdóttir frá Haga og Guðbjörg Bergsveinsdóttir, klæðskeri frá Selfossi, sýna ýmsar gerðir handavinnu sem þær hafa dundað sér við í gegnum árin. Allir velkomnir að koma og heilsa upp á þær.






Jakob Frímann Magnússon er hæstánægður með þennan óvænta árangur sinn vestan hafs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Slær í gegn

**Jack Magnet**, eða Jakob Frímann eins og hann er betur þekktur hér á landi, á um þessar mundir lag í sextánda sæti smooth jazz hluta Billboard-listans bandaríska.

Lag Jack Magnet, en það er listamannsnafn Jakobs Frímanns Magnússonar, Still Boppin' Along, er nú í 16. sæti ameríska Billboard-listans yfir þýðan djass og hefur verið að skríða upp listann. Jack Magnet gaf út plötuna Global Warming ekki alls fyrir löngu í Bandaríkjunum og hefur greinilega vakið mikla lukku en lagið er fyrsta smáskífulagið af henni.

„Maður fagnar þessu með auðmýkt í hjarta. Það er langt síðan ég hef gefið út í Bandaríkjunum – það hefur meira komið út í Asíu og Evrópu á síðari tímum. Þetta er ekki síst upptökustjóranum Paul Brown að þakka en hann kallaði mig eiginlega til Ameríku í þetta verkefni. Þetta er afrakstur tveggja sumarleyfa hjá fjölskylduföður í víðtæku annríki – sumir eru í kórum og aðrir í lúðrasveitum en þetta er mín leið til að fylla lífið enn frekar af gleði og ævintýrum," segir Jakob Frímann sem er að vonum kampakátur yfir þessum mikla árangri.

**ÆTLI ÞETTA SÉ EKKI ÞAÐ SEM HEFUR NÁÐ HVAÐ BESTUM ÁRANGRI Í FYRSTU ATRENNU – EN AUÐVITAÐ ER BARA EINN MÆLIKVARÐI Á HVERT VERKEFNI OG ÞAÐ ER HVERNIG ALMENNINGUR TEKUR ÞVÍ.**

Upptökustjórinn og gítarleikarinn Paul Brown hefur verið vinur og samstarfsfélagi Jakobs í tónlist í yfir fjörutíu ár en hann hefur tvisvar unnið Grammy-verðlaun fyrir upptökustjórn á ferli sínum.

„Fyrsta platan mín hjá Warner Brothers gekk vonum framar, seldist í tugum þúsunda eintaka í Bandaríkjunum og nokkrum óvæntum Asíulöndum. En ætli þetta sé ekki það sem hefur náð hvað bestum árangri í fyrstu atrennu – en auðvitað er bara einn mælikvarði á hvert verkefni og það er hvernig almenningur tekur því.

Margar plöturnar mínar eru tilraunakenndar og opnar í forminu en þá er þessi plata öllu mýkri en það sem ég hef áður gert. Notabene hef ég aldrei notið leiðsagnar upptökustjóra af þessu tagi áður – því vanmet ég ekki þátt upptökustjórans í þessu ferli því að höfundi og flytjanda frátöldum er hann sá sem stýrir verkinu og hefur afar mótandi áhrif á hvernig allt til tekst.

Þetta byrjaði með Paul Brown og þetta er ekki síður viðurkenning fyrir störf hans. Hann á mjög ríkan þátt í þessu öllu saman, stýrði þessu afar farsællega á sínum heimavelli þar sem hann þekkir til. Ég gekk inn á hans svið og þó ég sé skrifaður fyrir lögunum og útsetningunum þá er þetta auðvitað stórt samstarfsverkefni og það koma fjölmargir að því."

stefanthor@frettabladid.is

# Fagna útgáfu Þröskulds góðra vona í kvöld

Hljómsveitin Óregla efnir til útgáfutónleika. Tilefnið er útgáfa fyrstu plötu hennar, Þröskuldur góðra vona, en hún kom út í sumar.

„Við erum að verða fimm ára núna og platan kom út í sumar," segir Daníel Sigurðsson aðalsprautan í Óreglu og trompetleikari sveitarinnar, en hann spilar einnig með reggíhljómsveitinni Ojba Rasta.

Tónlistinni lýsir hann sem tilraunakenndu fönki og verður platan leikin í heild sinni á tónleikunum í kvöld. „Þetta verður alveg snarhellað," svarar Daníel þegar hann er spurður að því hvort ekki verði stuð og stemning á Húrra í kvöld.

Líkt og áður sagði er sveitin að detta í fimm ára afmæli en er að gefa út sína fyrstu plötu núna. „Það tók tíma að finna fólk sem gat spilað þetta og þetta er kannski ekki aðgengilegasta tónlistin, þannig að það er ýmislegt sem tekur tíma," segir Daníel og bætir við að þar sem um nokkurs konar djassverkefni sé að ræða hafi verið töluvert um mannabreytingar.

**ÞETTA VERÐUR ALVEG SNARHELLAÐ.**

Auk Daníels skipa sveitina tenórsaxófónleikararnir Helgi Rúnar Heiðarsson og Björgvin Ragnar Hjálmarsson, trommuleikarinn Óskar Kjartansson, gítarleikarinn Jóhann Guðmundsson, bassaleikarinn Andri Guðmundsson, hljómborðsleikarinn Kolbeinn Tumi Haraldsson og slagverksleikarinn Höskuldur Eiríksson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og fara fram á skemmtistaðnum Húrra. Captain Syrup sér um upphitun og miðaverð er 1.000 krónur. – gló


STJÓRNSTÖÐ FERÐAMÁLA

FORGANGSMÁL Í VERKEFNAÁÆTLUN 2016-2017

MENNTUN OG HÆFNI
SVIÐSMYNDIR OG ÁHÆTTA

Kynningarfundur
7. september 2016
Klukkan 8.00
Grand Hótel Reykjavík

FUNDURINN VERÐUR SENDUR ÚT BEINT Á VEF FERÐAMÁLASTOFU WWW.FERDAMALASTOFA.IS

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 8.00-08.30 | MORGUNKAFFI |
| 8.30-08.40 | ÁVARP<br>Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála |
| 8.40-08.50 | STJÓRNSTÖÐ FERÐAMÁLA, HLUTVERK OG TILGANGUR<br>Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF |
| 8.50-09.50 | HÆFNI OG GÆÐI Í FERÐAÞJÓNUSTU<br>Guðfinna S. Bjarnadóttir Ph.D., ráðgjafi hjá LC Ráðgjöf |
| 9.50-10.10 | KAFFIHLÉ |
| 10.10-11.10 | FRAMTÍÐ FERÐAÞJÓNUSTUNNAR Á ÍSLANDI – SVIÐSMYNDIR OG ÁHÆTTUGREINING<br>Sævar Kristinsson, KPMG ráðgjafi<br>Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri Menningar og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar<br>Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar<br>Gunnar Haraldsson, hagfræðingur og stofnandi Intellecon |
| 11.10-11.30 | STAÐA VERKEFNA Á VEGUM STJÓRNSTÖÐVAR FERÐAMÁLA<br>Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála |
| 11.30-11.45 | LOKAORÐ<br>Halldór Halldórsson, formaður Samband íslenskra sveitarfélaga |
| Fundarstjóri | Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar |

Skráning á vefsíðu Stjórnstöðvar ferðamála www.stjornstodin.is

STJÓRNSTÖÐ FERÐAMÁLA · ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ · SAF · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA · KPMG

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur



**MAJOR CRIMES**
Sharon Raydor er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.

FRÁBÆRT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




**RUSH HOUR**
Bráðskemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á samnefndri kvikmynd og fjalla um tvo gerólíka lögreglumenn sem stilla saman strengi sína og samvinna þeirra endar oft á tíðum með spaugilegum uppákomum.



**MURDER IN THE FIRST**
Stórgóðir spennuþættir þar sem Englis og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.



**CRIMES THAT SHOOK BRITAIN**
Heimildarþáttasería um glæpi sem skóku Bretland. í hverjum þætti er farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.



**THE SOCIAL NETWORK**
Haustið 2003 settist Mark Zuckerberg við tölvuna sína og byrjaði að vinna að nýrri hugmynd. Hugmyndin óx og úr varð alheims samfélagsmiðillinn Facebook.




**THE MENTALIST**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



Krakka stöðin
**ARTÚR 3**
Artúr er mættur aftur í sinni þriðju mynd þar sem ævintýrið er stærra en nokkur sinni fyrr. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** The Middle
**07.50** Mike and Molly
**08.15** The Restaurant Man
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Suits
**10.20** The Doctors
**11.00** Junior Masterchef Australia
**11.50** Empire
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.10** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.45** Britain's Got Talent
**16.10** Fresh Off the Boat
**16.30** Nashville
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** 2 Broke Girls Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.
**19.40** Vice Principals Geggjaðir gamanþættir úr smiðju HBO með Danny McBride og Walton Goggins sem leika tvo aðstoðarskólastjóra í gagnfræðaskóla sem eru með sömu markmið í lífinu og keppa um sömu stöðuna, stöðu skólastjórans.
**20.10** Major Crimes
**20.55** Rush Hour
**21.40** Murder In The First
**22.25** Crimes That Shook Britain
**23.10** Mistresses
**23.55** Bones Ellefta þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**00.40** Orange is the New Black
**01.35** Public Morals Magnaður þáttur með Edward Burns í aðalhlutverki. Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild. Terry Muldoon og félagar reyna að halda uppi lögum og reglu í borginni sem aldrei sefur en fara stundum óhefðbundnar og vafasamar leiðir.
**02.20** Getting On
**02.50** Legends
**03.35** 100 Code
**04.20** Girls
**04.50** Transparent
**05.20** The Middle

## SPORT

**07.20** Ísrael - Ítalía
**09.00** Wales - Moldavía
**10.40** Einvígið á Nesinu 2016
**11.30** Georgía - Austurríki
**13.10** Danmörk - Armenía
**14.50** Spánn - Liechtenstein
**16.30** Úkraína - Ísland
**18.10** HM Markasyrpa
**18.35** Svíþjóð - Holland Bein útsending
**20.45** HM Markasyrpa
**21.10** NFL Hard Knocks
**22.00** Hvíta-Rússland - Frakkland
**23.40** Færeyjar - Ungverjaland

## SPORT 2

**18.35** Sviss - Portúgal Bein útsending

## STÖÐ 3

**17.50** Raising Hope
**18.15** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**19.00** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**20.30** The Last Man on Earth
**20.55** The Americans
**21.40** The Mentalist
**22.25** Legends of Tomorrow
**23.10** Salem
**23.55** The Vampire Diaries
**00.35** Fóstbræður
**01.05** Entourage
**01.35** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**02.05** The Last Man on Earth
**02.25** The Americans
**03.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Gulla og grænjaxlarnir
**09.37** Stóri og Litli
**09.49** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Ævintýri Tinna
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Gulla og grænjaxlarnir
**13.37** Stóri og Litli
**13.49** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Ævintýri Tinna
**14.47** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Gulla og grænjaxlarnir
**17.37** Stóri og Litli
**17.49** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Ævintýri Tinna
**18.47** Mæja býfluga
**19.00** Artúr 3



**17.00**
**13.00**
**09.00** Strumparnir

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Barclays
**12.30** Deutsche Bank Championship
**19.00** Golfing World 2016
**19.50** PGA Tour 2016 - Highlights
**20.45** PGA Special: Coming Home
**21.30** Golfing World 2016
**22.20** PGA Tour 2016 - Highlights
**23.15** PGA Special: In the Spotlight

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40** As Cool as I Am
**13.15** The Little Rascals Save The Day
**14.55** Ocean's Eleven
**16.50** As Cool as I Am
**18.25** The Little Rascals Save The Day
**20.05** Ocean's Eleven
**22.00** The Social Network Haustið 2003 settist háskólaneminn Mark Zuckerberg við tölvuna sína og byrjaði að vinna að nýrri hugmynd. Hugmyndin óx í höndunum á honum og úr varð alheims samfélagsmiðillinn Facebook. Sex árum og 500 milljón „vinum“ síðar er Mark orðinn yngsti bandaríski milljarðamæringur sögunnar. En velgengnin hefur líka í för með sér persónuleg og lögfræðileg vandamál og lífið er ekki alltaf dans á rósum. Með aðalhlutverk fara Jesse Eisenberg, Justin Timberlake og Andrew Garfield
**00.00** Careful What You Wish For
**01.30** Flight 7500
**02.50** The Social Network

## RÚV

**16.15** Poirot – Þar sem sírpus grær
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hopp og hí Sessamí
**18.24** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Venjulegt brjálæði – Sársaukafullt uppgjör
**20.50** Eiðurinn - Bakvið tjöldin
**21.15** Innsæi
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Skylduverk
**23.20** Næturvörðurinn
**00.05** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Black-ish
**08.20** Dr. Phil
**09.00** My Kitchen Rules
**09.45** Secret Street Crew
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Angel From Hell
**13.55** Hotel Hell
**14.40** Melrose Place
**15.25** Telenovela
**15.50** Survivor
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Crazy Ex-Girlfriend
**21.00** Rosewood
**21.45** Mr. Robot
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Swingtown
**00.35** Sex & the City
**01.00** Heartbeat
**01.45** Queen of the South
**02.30** Rosewood
**03.15** Mr. Robot
**04.00** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | SR BYGG<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | PENNINN<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK -EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 4712038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | OMNIS<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 | BLÓMSTURVELLIR<br>HELLISSANDI<br>SÍMI 436 6655 |



Ásdís Helgadóttir, eigandi Deisy Makeup, er himinlifandi með varalitina en hún segir að formúlan sé létt og endist lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það er nóg úrval af litum og það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Kylie Jenner hefur verið að gera allt vitlaust með varalitunum sínum seinasta árið.

# Litir sem ættu að höfða til allra

**Snyrtivörufyrirtækið Deisy Makeup hefur loksins sett á markað fyrstu íslensku fljótandi varalitina, eða „liquid lipsticks“. Litirnir eru átta og bera allir íslensk nöfn. Ásdís Helgadóttir, eigandi fyrirtækisins, segir að formúlan sé með þeim betri sem hún hefur prófað.**

Á seinustu misserum hafa svokallaðir „liquid lipsticks“ eða varalitir í vökvaformi verið að gera allt vitlaust um allan heim. Núna hefur íslenska snyrtivörufyrirtækið Deisy Makeup loksins hannað sína eigin línu af slíkum varalitum. Í fyrstu línunni eru átta litir, þeir bera allir íslensk nöfn og ilma af vanillu.

Varalitirnir eru nýkomnir til landsins en þetta er fimmta varan sem Deisy Makeup framleiðir. „Það er gaman að framleiða sínar eigin vörur en við erum í samstarfi við verksmiðju erlendis. Við hönnum umbúðirnar, lyktina, litina og svo heita þeir allir íslenskum nöfnum en það skipti okkur miklu máli,“ segir Ásdís Helgadóttir, eigandi Daisy Makeup.

„Litirnir henta öllum en þeir eru mjög ólíkir. Við erum að reyna að höfða til sem flestra enda erum við með mikið úrval. Þetta er búið að vera lengi í bígerð en við fengum fyrstu sendinguna fyrir svolitlu síðan en við vorum ekki nógu sáttar við útkomuna svo að við sendum 1.600 stykki af varalitum til baka. Sendingin sem við vorum að fá núna er fullkomin og við gætum ekki verið ánægðari með hana.“

Fljótandi varalitir Kardashian-stjörnunnar Kylie Jenner hafa slegið í gegn um allan heim en Ásdís segir að

> **OKKAR FORMÚLA ER AÐEINS BETRI AF ÞVÍ HÚN ER AÐEINS ÞYKKARI. VARALITIRNIR FRÁ KYLIE ERU FREKAR ÞUNNIR OG EIGA ÞAÐ TIL AÐ RENNA TIL.**

Deisy Makeup varalitirnir séu gerðir úr betri formúlu. „Okkar formúla er aðeins betri af því hún er aðeins þykkari. Varalitirnir frá Kylie eru frekar þunnir og eiga það til að renna til. Fyrir konur eins og mig sem eru með litlar varir þá er auðveldara að setja þessa á og þeir haldast lengur á.“

Deisy Makeup hefur áður markaðssett augnskuggapallettu, skyggingarpallettu, „oval“ förðunarbursta og hreinsihanska. „Þetta hefur gengið eins og í sögu hjá okkur. Augnskuggapallettan okkar seldist upp á tveimur sólarhringum. Við erum í samstarfi við sömu verksmiðju og framleiðir vörur fyrir Carli Bybel, en hún er ein af vinsælustu YouTube-förðunarbloggurunum.“

Hægt er að kaupa Deisy Makeup varalitina í litunum Aríel, Nakin, Frúin, Stony, Deisy, Meyjan, Skvísan og Hetjan í verslun þeirra við Borgartún 29 og á netverslun Deisy Makeup.

gunnhildur@frettabladid.is




Mannakorn
í Eldborg,
1. október
Mannakorn er ein ástsælasta hljómsveit landsins og kemur nú fram í Eldborgarsal Hörpu í fyrsta sinn.
Sveitinni til halds og trausts er fantagóð strengja– og blástursveit sem mun gæða öll bestu lög sveitarinnar einstökum blæ.
Miðasala er á tix.is, harpa.is og í miðasölu Hörpu.
DÆGURFLUGAN
HARPA








Allt er á fullu við handritsgerðina. Anna Gunndís er úti en með hjálp nútímatækni kemur það ekki að sök. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sósíal drama með dansívafi

**Vinna stendur nú yfir við skrif á handriti sjónvarpsþáttaseríunnar Frístæl. Þættirnir segja frá freestyle-danskeppni og tveimur unglingsstelpum sem berjast um titilinn frístælmeistari Íslands.**

Þær eru báðar fyrrverandi Íslandsmeistarar í freestyle og báðar leikkonur. Við sátum einhvern tíma fjögur á Snaps og vorum að tala um gömlu, góðu dagana. Þær voru að rifja upp freestyle-árin og þá kviknaði þessi hugmynd, að þetta væri góður vettvangur til þess að segja sögu og gera sjónvarp. Þannig að þær eiga nú eiginlega heiðurinn af þessu og fá hugsanlega hlutverk að launum, núna sem dansmömmur,“ segir leikstjórinn og handritshöfundurinn Kristófer Dignus.

Kvartettinn sem um ræðir er auk hans skipaður Reyni Lyngdal leikstjóra og eiginkonum þeirra, leikkonunum og freestyle-meisturunum Maríu Hebu Þorkelsdóttur og Elmu Lísu Gunnarsdóttur.



Hér má sjá danshópinn Blitz sem vann til fyrstu verðlauna í Íslandsmeistarakeppni í frístæl árið 1987. Elma Lísa er önnur frá hægri á myndinni en hún sigraði einnig í einstaklingskeppninni. MYND/LJÓSMYNDASAFNIÐ

Upprifjunin á gömlu, góðu dögunum varð kveikjan að átta þátta sjónvarpsseríunni Frístæl en nú er verið að skrifa handrit að henni. Sögusvið hennar er Reykjavík árið 1986 og er þungamiðjan Tónabær og freestyle-danskeppnirnar sem áttu hug og hjörtu unglinga þess tíma. Þættirnir segja frá tveimur viljasterkum táningsstúlkum með ólíkan bakgrunn sem berjast um titilinn frístælmeistari Íslands. Á meðan heyja foreldrar þeirra sína eigin baráttu við syndir fortíðarinnar.

„Það er söguheimurinn. Og svo þetta hvernig það var að vera unglingur á þessu tímabili í Reykjavík í skugga kalda stríðsins, verkfalla hjá kennurum og alls þess. Þetta er svona sósíal drama með dansívafi,“ segir Kristófer og skellir upp úr. „Ég er búinn að liggja svolítið í safni Sjónvarpsins. Þeir eru með þætti frá þessu tímabili og danskeppnirnar eru til hjá þeim,“ segir Kristófer meðal annars um heimildarvinnuna fyrir þættina og auðheyrt er að hann er orðinn sprenglærður í freestyle-fræðum. Þættirnir hlutu þróunarstyrk frá RÚV og handritsstyrk frá Kvikmyndasjóðnum.

> **ÞETTA BLUNDAR ALLTAF Í MÉR, DANSINN ER NÁTTÚRULEGA BARA BESTUR Í HEIMI. HVER VEIT HVAÐ MAÐUR GERIR? KANNSKI MAÐUR STEFNI BARA Á FREESTYLE FYRIR OLDIES.**
> Elma Lísa Gunnarsdóttir

Vinna við handritsgerð er nú á fullri fart. Kristófer er aðalhandritshöfundur en með honum skrifa þau Dagur Hjartarson, Jónas Reynir Gunnarsson og Anna Gunndís Guðmundsdóttir. Reynir Lyngdal mun leikstýra þáttunum og þeir verða framleiddir af Pegasus.

„Ég er með þau þrjú með mér og það er rosalega gaman hjá mér. Ég er svona gamli karlinn og var sextán ára þegar þetta var allt að gerast. Ég man nokkurn veginn hvernig stemningin var þannig að ég kem svona með nostalgíuvinkilinn og svo eru þau alveg ógeðslega góð í að koma með skemmtilega karaktera og flottar fléttur. Við erum að búa til skemmtilegt sjóv sem á að brúa kynslóðabilið og kveikja líka áhuga hjá unga fólkinu.“ **gydaloa@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# HITTUMST Í HÁDEGINU

## ALLAR BEYGLUR Á 399 KR.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat

Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22 á Laugavegi, Fitjum og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar

DUNKIN' DONUTS®

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar




Erlu Bjargar Gunnarsdóttur


## Mennskan

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri lýsir starfi sínu með vandræðaunglingum í helgarblaði Fréttablaðsins. „Við vorum ekkert vondir við þá, heldur heiðarlegir. Við vorum oft eina fullorðna fólkið sem talaði við þá eins og menn,“ segir hann í viðtalinu og bendir á að líta skuli á hvern einstakling fyrir sig og skoða sögu hans og bakgrunn.

Þetta mannbætandi viðtal við Hörð tók mig aftur um fjölmörg ár. Allt í einu var ég stödd á löggustöðinni í Drafnarfelli. Ég sit í ljósbrúnum og vel sjúskuðum seventíssófa og reyki Winston rauðan. Það er þétt setið og reykjarmökkurinn býr til smá ólgu í maganum. Tveir strákar eru að fíflast. Takast á og hlæja. Þeir sparka sófaborðinu á hliðina og ég er með varann á mér. Þeir gætu orðið brjálaðir. Þeir eru oft með vesen. Við hin sitjum og horfum á. Þöglir fylgjendur með dofinn hangisvip á andlitinu. Eldri stelpa sem mér finnst hafa lifað í hundrað ár kennir mér að gera reykhringi.

Tveir lögreglumenn í fullum skrúða ganga inn. Annar er einn og milljón á hæð og með djúpa rödd. Hinn er þögull með athugul augu. Við horfum öll á þá og strákarnir sem flugust á rísa á fætur. Rétt ná að reisa við borðið áður en sá stóri er kominn með hrammana utan um þá báða.

Svo klappar hann þeim. Spyr hvort þeir séu ekki hressir. Hvort þeir séu búnir í skólanum í dag. Hvort stóri bróðir sé enn í vinnu. Hvort mamma sé komin heim af spítalanum. Þeir svara og fá sér sæti. Löggurnar líta yfir hópinn. Brosa til okkar. Viðurkenna okkur. Fara svo inn á skrifstofu og við höldum áfram að hanga.

Þannig var löggustöðin í Fellunum.








